

Breytingar á lögum um ársreikninga

Löggildingarpróf til endurskoðunarstarfa

Flýting álagningar opinberra gjalda

Vaxtafrádráttur
– hvar liggja mörkin?

Sérfræðingaábyrgð

Vangaveltur um
Reikningsskilaráð





Útg: Félag lögiltra endurskoðenda ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

Vinnsla blaðsins

Ritnefnd FLE:

Ólafur Már Ólafsson, formaður
Arnar Már Jóhannesson
Ingvi Björn Bergmann

Prentun: Guðjón Ó

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir
Janúar 2016, 38. árgangur 1. tölublað



Skrifstofa FLE, helstu upplýsingar

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15
Sími: 568 8118, tölvupóstfang: fle@fle.is, vefsíða FLE: www.fle.is
Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is
Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

Fylgt úr hlaði

Þá er komið að útgáfu 38. árgangs FLE-blaðsins. Ritnefndin, sem er óbreytt frá fyrra ári, hefur komið alloft saman á árinu og látið hugann reika um uppbyggingu og efnistöð blaðsins. Leitað var eftir efni í blaðið frá félagsmönnum FLE auk þess sem ritnefndin leitaði á náðir valinkunnra skrifara sem tóku í flestum tilfellum vel í beiðni ritnefndarinnar um greinaskrif.

Í blaðinu í ár ætti að vera eitthvað við flestra hæfi. Fastir liðir eins og venjulega eru á sínum stað þar sem m.a. er farið yfir árangur endurskoðenda á golfvöllinum og niðurstöður úr löggildingaprófum kynntar. Eins og áður þá rita framkvæmdastjóri félagsins áhugaverða grein sem snýr að starfi félagsins síðastliðið ár. Í blaðinu er einnig viðtali við Margréti Pétursdóttur nýkjörinn formann félagsins, en Skúli Eggert Þórðarson fylgir þar fast á eftir með grein sína um fyrirhugaðar breytingar á skilum á skattframtölum. Jón Rafn Ragnarsson gefur okkur framvinduskýrslu um samnorræna endurskoðunarstaðalinn sem verið er að semja og Unnar Friðrik Pálsson gefur okkur innsýn í væntanlegar breytingar á lögum um ársreikninga. Þá skrifar Anna María

Ingvarsdóttir grein um IFRS 15 nýjan staðal um tekjuskráningu. Allmörg ár eru liðin frá því að skipað var síðast í reikningsskilaráð, en í aðsendri grein Signýjar Magnúsdóttur og Helga Einars Karlssonar er farið yfir sögu reikningsskilaráðs. Birgir Finnbogason ritar stutta grein um próf til löggildingar í Bandaríkjunum en hann náði þeim merka áfanga að klára þau á árinu 2015. Frá sjónarhóli lögfræðinnar fengum við þá Jóhannes Sigurðsson til að fjalla um ábyrgð endurskoðenda útfrá dómi Hæstaréttar í svokölluðu Toyotamáli og Pál Jóhannesson til að fjalla um mörk vaxtafrádráttar.

Við vonum að lesendur blaðsins hafi gagn og gaman af innihaldi þess og þökkum við öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við vinnslu blaðsins.

Kær kveðja,
Ritnefnd FLE
Ólafur Már Ólafsson, Arnar Már Jóhannesson og Ingvi Björn Bergmann



Efni blaðsins:

Spjallað við nýjan formann.....	2
Starfsemi FLE	6
Löggildingarpróf til endurskoðunarstarfa.....	9
Nýir félagar 2016	12
Vaxtafrádráttur – hvar liggja mörkin?	13
Nýr staðall um tekjuskráningu	15
Sérfræðingaábyrgð	18
Vangaveltur um Reikningskilaráð	21
Flýting álagningar opinberra gjalda	22
Golfannáll endurskoðenda sumarið 2015	25
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2015 - 2016	26
Til hamingju með afmælið - árið 2016	26
Löggilding í fylkjum Bandaríkjanna	27
Framhald vinnu við SASE	29
Breytingar á lögum um ársreikninga.....	31



Ritnefnd FLE. Frá vinstri: Ingvi, Ólafur og Arnar.



Spjallað við nýjan formann

Margrét Pétursdóttir er formaður FLE

„Ég er eiginlega alin upp á Reykjanesbrautinni“ segir nýr formaður félagsins og hlær sínum bjarta og fallega hlátri og andlitið lýsist upp af glettni. „Ég er fædd í Reykjavík en mamma og pabbi voru í því að eignast börn, svo árið 1974 voru þau orðin fjögur, plús eitt í bumbunni. Við bjuggum þröngt í leiguhúsnæði úti á Seltjarnarnesi, vorum fjögur börnin í tveimur kojum í einu herbergi. Þá bauðst þeim „tímabundið“ húsnæði í Keflavík en þau fóru svo aldrei þaðan, samt alltaf á leiðinni í bæinn því öll fjölskyldan þeirra var þar. Við vorum því alltaf að keyra á milli, allir viðburðir sóttir til Reykjavíkur og við öllum stundum á Reykjanesbrautinni.“

Stór fjölskylda

„Ég var sex ára þegar við fluttum og var í skóla í Keflavík alveg upp úr, útskrifaðist úr Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Ég er sem sé alin upp á heimili þar sem voru átta manns en við urðum sex systkinin. Við erum fimm systurnar og einn bróðir sem átti nú oft á tíðum erfitt uppdráttar í hópnum eins og gefur að skilja. En það var mikið fjör í hópnum og algjört ríkidæmi að eiga svona mörg systkini. Þau hafa samt verið að týna tölunni til útlanda, við höldum samt miklu sambandi, erum með fjölskyldusíðu á Facebook og það líður varla sá dagur sem maður heyrir ekki frá einhverjum. Við erum t.d. mikið fyrir mat og oft er verið að birta myndir af því sem er eldað. Sambandið hefur því aukist mikið með tilkomu samfélagsmiðlanna“ segir hún. „Við ferðumst líka töluvert saman, fórum til dæmis til Ítalíu öll saman. Svo erum við líka orðin nokkuð alþjóðleg, því systir mín er gift breskum manni sem talar bara ensku, bróðir minn býr í Danmörku svo við þurfum líka að tala dönsku og allur kostnaður er reiknaður í þremur gjaldmiðlum. Það getur því oft verið skemmtilega snúið að tala saman, sérstaklega þegar þýða þarf brandarana yfir á tungumálin án þess að þeir tapi merkingunni.“

Námið

„Ég flutti á stúdentagarðana vestur í bæ, eftir stúdentsprófið, var þá ólétt af seinni stráknum mínum og það gekk ekki að vera bæði í námi og keyra á milli. Það var frábært að búa á Eggertsgötunni, en ég bjó þar í fjögur ár. Ég var nú ekkert viss um hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór, vissi bara að ég vildi fá örugga og vel borgaða vinnu, minnst hundrað þúsund á mánuði og vildi alls ekki að hægt væri að segja mér upp í vinnunni því ég bar ábyrgð á strákunum mínum. Það voru svo margir í viðskiptafræði á þessum tíma svo fólk þurfti að fá einhverja aðgreiningu frá fjöldanum. Þá sá ég fyrir mér að sem endurskoðandi yrði ég eitthvað meira en bara viðskiptafræðingur,



Frá aðalfundi. Margrét nýtekin við af Sturlu sem formaður.

fengi fleiri og sérhæfðari tækifæri. Svo var ég mjög spennt að byrja að vinna sem fyrst. Ég fann um daginn umsókn sem ég hafði sent Deloitte, en ég sótti um vinnu þar eftir fyrsta árið mitt í viðskiptafræði, vildi fá vinnu í tíu tíma á viku, en umsókninni hefur nú ekki verið svarað ennþá“ segir hún og hlær dátt. „Ég hef örugglega ekki séð fyrir mér að ég gæti unnið lengri vinnudag í námi og með lítið barn. Maður á ekki að fara í nám með lítið barn - maður á að einbeita sér að verðmætunum sem eru núna, það er mín reynsla. Það er svo mikilvægt að hafa þessa núvitund og njóta þess sem lífið býður upp á hverju sinni“ segir hún með nokkrum alvörubunga. „Það eru allt of margar konur sem fórna þessu þegar börnin eru lítil og bara vinna og vinna. Ég var í fullu námi með tíu daga gamalt barn, þetta er bara vitleysa að gera þetta. Maður á að leggja námið til hliðar og taka sér bara tíma í að sinna þessum krílum.“

Vinnan

„Svo byrjaði ég að vinna á Endurskoðunarstofunni Skólavörðustíg 12. Þar voru Þorsteinn Haraldsson sem er minn lærifaðir, Anna Kristín, Jóhann Unnsteinsson, Sverrir Ingólfsson og Sigurður M. Jónsson. Þar byrjaði ég í nemavinnu og mikið ægilega þótti mér þetta leiðinlegt. Mér gekk alltaf vel í skóla og kunnir



Frá hádegisfundum.



Einn af mörgum vinnufundum.

ýmislegt, en vantaði allt verkvit. Þegar ég svo byrjaði í vinnunni var mér gert að stemma af bankareikning sem ég kundi bara alls ekki og konan sem var í bókhaldinu tók að sér að kenna mér þetta. Þegar ég var búin að vinna í viku og bankareikningurinn stemmdi ekki ennþá var ég bara að hugsa um að hætta, fannst ég hlyti að vera of illa gefin til að ná þessu nokkurn tíma. En svo kom þetta. Ég segi stundum við þá sem eru að byrja að þeir þurfi að þrúka því það sé veldisvöxtur í framförum þegar þeir ná verklagin. Fólk getur bara verið rólegt þó það kundi ekki neitt, þetta kemur býsna hratt. Maður þarf að læra vinnubrögðin, en ég var heppin með vinnufélagana. Fannst þetta samt lengi framan af frekar leiðinlegt af því maður var einhvern veginn svo einangraður, sat bara og var að gera framtöl, færa bókhald og stemma eitthvað af.“

Fjölbreytileiki

„Fyrsta árið var ég oft komin á fremsta hlunn með að hætta en svo breytist starfið fljótt, það komu aukin samskipti við fólk og verkefni urðu fjölbreytt. En þetta var þínu krefjandi fyrst, svo voru bankarnir að reyna að veiða mann til sín, stöðugt áreiti frá bankaheiminum sem var í miklum uppgangi. Maður varð eiginlega að standa í lappirnar og staðfesta ætlun sína um að verða endurskoðandi. En ef maður horfir á þetta núna, þá eru kostirnir við þetta starf einmitt fjölbreytileikinn. Það ber ekkert svo mikið á honum í fyrstu og alls ekki utan frá séð. Fólk heldur að maður sé í einhverju einhæfu og leiðinlegu en það er af og frá. Í dag er það þannig að ég þarf að takast á við eitthvað nýtt, ekki bara á hverjum degi heldur fyrir hádegi og eftir hádegi líka. Eitthvað kemur inn á borð sem maður hefur aldrei gert og þarf bara að finna út úr. Maður þarf að vera duglegur við að meta kostina við hvert starf og fjölbreytileikinn er einmitt stærsti kosturinn í þessu starfi. Maður er stöðugt að takast á við nýjar áskoranir og fagið á fleygiferð.“

„Þú þarft að vera góður í samskiptum og vera mannþekkjari, en á sama tíma þarftu líka að búa yfir ákveðinni tæknilegri færni, svo blanda af þessu þarf að vera til staðar til þess að vera góður endurskoðandi. Það er svo erfitt að vinna við að 'leiðrétta fólk' þannig að það þarf að gera það með ákveðnum

hætti og það er krefjandi. Við sjáum að þjálfunin snýst í raun og veru mikið til um það að efla samskiptafærni fólks. Það snýst ekki bara um það að kunna að færa bókhald, gera ársreikninga og endurskoða, þú þarft líka að geta átt í góðum samskiptum við fólk.“

Skattur, reikningsskil eða endurskoðun?

„Það er svolítið erfitt að velja þarna á milli og ég hef eiginlega staðið frammi fyrir því að þurfa aðeins að velja þar sem ég er meira að veita stórum aðilum þjónustu í endurskoðun. En á sama tíma vinn ég líka fyrir minni aðila sem þurfa öðruvísi þjónustu – en þeir aðilar ætlast til að maður sé með allar svona tæknilegar skattareglur á hreinu, sem þú nærð ekkert að hafa nema vera á fullu í því, því skattlagabreytingarnar eru svo miklar. Það var auðveldara áður fyrr, en núna er eiginlega erfiðara að halda í að vera sérfræðingur í skattskilum. En lögfræðingarnir eru líka að sinna þessu meira svo maður leitar bara til þeirra, enda eru þeir sérfræðingarnir á þessu sviði. Ég hef því orðið að velja, er í endurskoðun á stærri félögum, en á sama tíma er einhvern veginn mest gefandi að veita smærri aðilum þjónustu þar sem maður hjálpar þeim svo mikið í þessum heimi sem þeir eru oftast hræddir við. Maður getur hjálpað þeim með virðisaukaskattinn, með reiknað endurgjald og greitt úr málum fyrir þá. Það er eiginlega öðruvísi gefandi en að vinna með stóru aðilunum, sem þó eru mjög spennandi og krefjandi verkefni.“

Skemmtilegt starf

„Ég er mjög sátt við hvar ég er stödd í dag. Það hafa öll störf kosti og galla, þetta snýst um að horfa á kostina við starfið sem er fjölbreytileikinn, sveigjanleikinn, tækifæri til að hitta svona mikið af fólki, öll samskiptin en á sama tíma að takast á við tæknilegu hliðina. Aðalgallinn er það að þurfa að selja út tímana og öll þessi pressa um að allt skuli vinnast svo hratt. Vinnuálagið er líka mikið, maður þarf að læra að taka sér frí þegar það er hægt. Þetta er svolítið vinna út í eitt, maður þarf líka að þjálfa sjálfan sig í að treysta öðru fólki til að vinna svo maður eigi auðveldara með að deila út verkefnum - því ef maður gerir það ekki þá er maður í vondum málum. Þetta er



svo mikil teymisvinna, verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra eftir því sem árin líða. Svo er líka þetta með öryggið, ég hef haft starfsöryggi þar sem ég er, en hef þurft að horfa upp á vini og félagamissu vinnuna, eftir hrun.“

„Ég met mikils þetta starfsöryggi, líklega fyrst og fremst vegna þess að ég er búin að vera ein með strákana mína tvo í rúm átján ár. Þeir eru flottir strákar. Þeir eru ekki að feta í fótspor móður sinnar, þeir hafa séð þessa miklu vinnu sem þarf að leggja í starfið og ætla alls ekki að vinna svona mikið sjálfir og ekki að vinna á skrifstofu. Þeir vilja báðir vinna svolítið líkamlega vinnu og vinna úti, þeim líkar það miklu betur. Annar hefur unnið á bílaleigu í mörg ár og hinn starfar á Keflavíkurflugvelli, þeir eru báðir sáttir þar sem þeir eru.“

Félag löggiltra endurskoðenda

„Í þessu félagi á ekki að gera miklar breytingar hratt, heldur fer betur á að þróunin verði seigfljótandi. Formenn stoppa svo stutt við og það stendur kannski félaginu fyrir þrifum hvað varðar þróun. Það tekur svona eitt ár að melta hlutina og þegar maður er búinn að því þá er maður eiginlega alveg að fara frá félaginu aftur. Fyrst er maður varaformaður í tvö ár og svo formaður í tvö ár. Ég myndi vilja sjá að hinir stjórnarmennirnir yrðu líka í fjögur ár svo það yrði ekki svona ör endurnýjum hjá þeim. Því verkefni sem þarf að vinna, ég held þau vinnist betur ef menn staldra lengur við.“

„Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé gott félag og starfsemin sé góð hjá félaginu og ekki margt sem þurfi að breytast. Samt sem áður þarf að vinna í því að það sé aukin samheldni meðal félagsmanna hvort sem þeir starfa fyrir lítil fyrirtæki eða stór.“

Það er eins og stóru fyrirtækjunum finnst hallað á sig og litlu fyrirtækjunum finnst líka hallað á sig. Það er vond staða ef einhverjum félagsmanna finnst einhvern veginn hallað á sig. Þróunin þarf að vera hjá félagsmönnum öllum en ekki bara hjá stjórn og stjórnarformanni.“

„Kriunesfundurinn sem er árlegur stefnumótunarfundur stjórnar og formanna nefnda, er algjör snilld til þess að finna út hvað félagsmenn eru að hugsa. Ég held að við þurfum að setjast niður og finna út saman hvernig við viljum hafa þetta. Ég sé fyrir mér stefnumótunarfund, opinn öllum félagsmönnum, þar sem við myndum reyna að glöggva okkur á hvert við viljum fara með félagið og hvert við viljum að hlutverk þess sé.“

Skylduaðild

„Það er óheppilegt finnst mér að það sé skylduaðild að félaginu, því ef þú ert skyldaður til að vera einhvers staðar þá kemur fram meiri gagnrýni fyrir vikið. En ef þú getur valið þá spyrðu sjálfan þig hvort þú viljir vera í félaginu og velur að vera þar ef þú telur hag þínum betur borgið með því. Það gæti orðið breyting á þessu, en við vitum ekki alveg vilja löggjafans, en það kemur væntanlega fram við innleiðingu á Evróputilskipuninni. En við getum beitt okkur í innleiðingarferlinu og þurfum því að hlusta á raddir félagsmanna sem mér heyrast segja að þeir vilji ekki skylduaðild að félaginu. En við þurfum fyrst að heyra hvað löggjafinn hefur að segja því ef okkur er úthlutað verkefnum að sinna þá þurfum við að gæta þess að hafa til þess fjármagn. Það þarf ekki endilega að koma með félagsgjöldum, það gæti jafnvel komið frá hinu opinbera ef það er að leggja einhverjar skyldur á okkar herðar.“



Margrét á ársfundi NRF á Snæfellsnesi ásamt fararstjóranum.



Margrét á námskeiði með félagsmönnum.

Gæðaeftirlit og hagsmunir

„Við höfum verið í þeirri stöðu að félagið hefur tekið að sér að sinna gæðaeftirliti fyrir Endurskoðendaráð og á sama tíma reynt að styðja við félagsmenn sem eru að sæta gæðaeftirliti. Þetta er því mjög óheppileg staða, að vera þannig beggja megin borðs. Það er fyrirsjáanlegt að gæðaeftirlit eininga tengdum almennahagsmunum, fer frá félaginu. Það er vilji núverandi stjórnar að gæðaeftirlitið í heild sinni fari alveg frá félaginu, líka fyrir smærri endurskoðunarfyrirtækin. En það eru líka áhyggjuraddir hvað það varðar, því þegar farið verður að sinna þessu eingöngu af opinberum aðilum þá gæti það orðið mun dýrara, erfiðara og strangara en nú er. Þá mun jafnframt reyna á félagið að það standi í lappirnar með hagsmunagæslu fyrir sína félagsmenn. Það verða gerðar meiri kröfur af ytri eftirlitsaðilum en innri í gæðaeftirliti í framtíðinni, það er fyrirsjáanlegt, við sjáum það annars staðar. En það er ekkert sem við þurfum að hræðast vegna þess að við endurskoðendur erum auðvitað öflugir einstaklingar og getum unnið okkar vinnu þannig að hún þoli skoðun. Það þarf náttúrulega að vera þannig.“

„En ef það er einhver ósanngirni sem á sér stað í gæðaeftirliti, þá þurfum við náttúrulega að gæta hagsmuna okkar félagsmanna. Ég vil frekar að við getum bara gert það og félagið verið leyst frá því að framkvæma gæðaeftirlitið. Það er miklu heppilegra því að vera svona í sjálfsrýni er ekki gott út á við. Ég held því að best sé að gæðaeftirlitið fari frá félaginu en það verða áskoranir sem fylgja því líka.“

Ímynd

„Ímyndin sem stéttin hefur er ekkert mjög góð. Við þurfum að gera eitthvað í því að bæta hana, vera duglegri við að koma stéttinni á framfæri og í raun veita atvinnulífina og almenningi upplýsingar um hvað það er sem við erum að gera. Við bárum skaða af hruninu sem við höfum enn ekki jafnað okkur á, við þurfum því að vinna til baka það traust sem við höfum glatað. Sú vinna er hafin og við þurfum að halda ótrauð áfram en við klárum það ekkert á einu eða tveimur árum. Ég held að við þurfum að breyta okkur aðeins sem stétt og verða opnari, eiga

fleiri samtöl við atvinnulífið, láta meira vita af okkur, því ég held að það gangi ekki lengur að við séum svona ósýnileg, en þetta á eftir að taka langan tíma. Ég held að félagsmenn séu almennt á því að þetta sé eitthvað sem við eigum að gera. Við erum aðeins byrjuð með greinaskrifunum okkar og ég held að það sé góð byrjun, við þurfum bara að halda áfram, þurfum að virkja fleiri og tala meira um þetta á vettvangi félagsins. Ég held að endurskoðendur séu almennt á því að við þurfum að vinna í því að bæta ímynd okkar út á við og öðlast aftur það traust sem við töpuðum.“

Efst í huga

„Það sem mér er efst í huga er eining félagsmanna, ég vil að við snúum bökum saman og séum ekki að vinna á móti hvert öðru. Mig langar til að við komum fram sem eining endurskoðenda og vinnum saman að því að segja atvinnulífina og almenningi að félag endurskoðenda, er félag þar sem samstaða ríkir um að gera sitt besta á sem faglegastan hátt. Ég held að innra starf félagsins sé prýðilegt. Ég vildi gjarnan sjá samstilltari hóp, veit bara ekki hvaða aðferð maður á að nota við það eða hvernig maður á að gera það.“

„Ég fer í golf til að slaka á en það er eitthvað sem gerist þegar maður fer í golf svo maður gleymir öllu öðru. Nær einhvers konar núvitund. Mér finnst það svakalega gott til að slaka á. Ég skil símann eftir í bílnum og þá eru heilir fjórir tímar sem það bara næst ekki í mann. Það sem er helsta áskorunin við golfið er að ekki er hægt að spila hér allt árið. Ég og strákarnir mínir byrjuðum saman í golfi fyrir fjórum árum og höfum átt alveg dásamlegar stundir saman og ferðast mikið. Ég og og sá eldri spilum reglulega saman en yngri strákurinn hætti fljótlega. En ég er að reyna að auka núvitundina og draga úr því að vera með áhyggjur með því að fara í golf. Ég fer líka í ræktina og finnst það dásamlegt, sérstaklega að fara í gufu og heitan pott. Mér finnst líka voðalega gott að vera heima og dunda mér við eitthvað, vera með fjölskyldunni í einföldu heimilislífi.“

Viðtal, Hrafnhildur Hreinsdóttir.



Starfsemi FLE

Byggt á skýrslu frá aðalfundi 2015

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

Á starfsárinu 2014-15 stóð félagið fyrir samtals 26 atburðum sem veittu um 52 endurmenntunareiningar sem er sambærilegt og árið áður. Heildarmæting á þessa atburði var tæplega 1.400 manns sem er örflítil fækkun frá fyrra starfsári. Í ár lýkur þriggja ára endurmenntunartímabili fyrir marga endurskoðendur þar sem lágmarkskrafan er 120 einingar yfir 3 ár. Á þessu þriggja ára tímabili hefur félagið staðið fyrir fjölbreyttum atburðum sem hafa veitt rúmlega 160 einingar og má því segja að félagið hafi staðið sína plikt og rúmlega það samkvæmt lögum með því að hlutast til um að fullnægja kröfum um endurmenntun. Þó breyting á mætingu milli ára hafi verið óveruleg þá er áhugavert að rýna örflítið betur á tölurnar. Má í því sambandi nefna hvað ráðstefnurnar halda sínu og gott betur í fjölda og á það sérstaklega við um Skattadag FLE eftir hæga og sigandi fækkun undanfarin ár. Það er skemmst frá því að segja að í ár mættu þar rétt um 200 manns sem er sögulegt met borið saman við Skattadag undanfarin ár. Það er alla vega ljóst að af áðurnefndum 26 atburðum eru ráðstefnurnar fjórar kjölfestan með um tæplega helming af heildarfjölda mætinga.

Á þessum ráðstefnum voru margir góðir og áhugaverðir fyrirlestrar haldnir en af öðrum ólöstuðum vil ég sérstaklega nefna Arnold Schilder formann IAASB sem var með okkur á Endurskoðunardeginum. Jens Röder framkvæmdastjóri NRF opnaði Haustráðstefnuna með afar fróðlegu erindi um stöðu mála hvað varðar SASE- Norræna endurskoðunarstaðalinn. Eins og fram kom hjá honum er mikil vinna fram undan á þeim vettvangi og mun FLE leggja sitt að mörkum. Staðladrögin hafa nýlega verið þýdd á Íslensku en það er nokkuð ljóst að einhverjar breytingar munu verða á honum á næstunni. Þetta hefur verið mikið og metnaðarfullt starf sem vonandi mun skila okkur þeirri niðurstöðu sem við getum öll sætt okkur við. Þá má sérstaklega nefna Gleðistundina sem við höldum núna í haust sem einhvers konar upphafs vetrarstarfsins. Sérstaklega

var ánægjulegt að geta tengt þann atburð við meistaramót FLE í golfi sem var haldið sama dag og tilnefningu Golfmeistara FLE árið 2015. Vonandi er þetta fyrirkomulag komið til að vera.

Nefndarstarf

Að venju eru fastanefndir félagsins mikilvægur hlekkur í starfsemi þess og bera oft hitann og þungann af ákveðnum málafnum. Á það ekki síst við Reikningsskilanefnd félagsins sem hefur lagt á sig ómælda vinnu á liðnu starfsári með aðkomu sinni að vinnuhóp á vegum Atvinnuvegaráðuneytisins vegna innleiðingar Ársreikningatilskipunar EU, en drög að frumvarpi hefur nú litið dagsins ljós. Er von á að formlegt frumvarp muni birtast mjög fljótlega. Samtals hefur vinnuhópurinn haldið um 50 fundi frá því í fyrravor og er mér satt að segja ekki kunnugt um aðra eins aðkomu félagsins undanfarin ár að einstöku málefni. Það er því alveg ljóst í mínum huga að starfsemi félagsins og mikilvægi fagnefnda þess skiptir hagsmunaaðila og viðskiptaumhverfið miklu máli. Reikningsskilanefndinni eru færðar sérstakar þakkir fyrir fórnfúst starf á liðnu ári.

Hvað varðar Endurskoðunarnefndina þá er athygli félagsmanna vakin á einblöðungi um þjónustuaufurðir endurskoðenda sem nefndin vann að á liðnu ári og má finna á vefsíðu félagsins. Nefndin hefur jafnframt rætt um væntanlega innleiðingu tilskipunar EU varðandi endurskoðun, en það má gera ráð fyrir að sú innleiðing mun verða helsta verkefni nefndarinnar á komandi starfsári.

Að venju hefur Skattanefndin staðið vaktina gagnvart Ríkisskattstjóra og framundan eru fundir hjá RSK varðandi frestmál fyrir komandi ár. Jafnframt hefur RSK boðað ákveðnar hugsanlegar breytingar á lögaðilaskilum á árinu 2017 sem tengist því að stórir lögaðilar hafi skemmri frest, væntanlega



Frá aðalfundi 2015.



Frá Skattadegi 2015.



Gjöf til hjartadeildanna.

mun Ríkisskattstjóri gera grein fyrir því á vettvangi félagsins þegar þær hugmyndir liggja endanlega fyrir.

Störf Gæðanefndarinnar hafa verið í föstum skorðum undanfarin ár og hefur aðallega tengst yfirferð Gæðaeftirlitsskýrsla, undir yfirstjórn ER. Í ár lýkur fyrsta tímabilinu, sem kveður á um að endurskoðendum sé skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Sitt sýnist hverjum um reynsluna og framkvæmdina á þessu tímabili og mikið verið rætt og ritað. Ljóst er að eftirlitið mun breytast á næstunni þar sem Evróputilskipun sú sem Íslandi ber að innleiða á næsta ári leggur bann við því að félag eins og okkar komi að framkvæmd eftirlits með félögum tengdum almannahagsmunum. Hvernig því verður fyrirkomið og hvort FLE mun yfir höfuð koma að Gæðaeftirliti í náinni framtíð á eftir að koma í ljós í þeirri vinnu sem framundan er hjá vinnuhóp sem ANR hefur nýlega sett á laggirnar og FLE er aðili að.

Endurskoðunartilskipun EB – ráðgjafahópur FLE

Þó nokkur umfjöllun hefur átt sér stað undanfarin misseri um Endurskoðunartilskipunina á vettvangi félagsins og þá eðlilega einna helst þau atriði þar sem þar er kveðið á um. FLE hefur skipað sinn eigin ráðgjafahóp sem þegar hefur hafið undirbúning og yfirferð á tilskipuninni. Hér verða stuttlega nefnd örfá atriði sem komið hafa til umræðu og kalla má séríslensk og er ekki beint kveðið á um í umræddri tilskipun en hafa verið rædd í ráðgjafahópi félagsins.

Þar skal fyrst nefna ákvæði laga 79/2008 um að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og ákvæði til bráðabirgða II þar að lútandi. Miklar og heitar umræður hafa verið um þessi lagaákvæði undanfarin ár sem brýnt er að leiða til lykta. Þar ber einna hæst sú staðreynd að ISA staðlarnir hafa ekki verið þýddir á íslensku hvorki að hálfu yfirvalda né heldur af hálfu okkar litla félags. Inn í þessa



Nýjum félagsmönnum var boðið í heimsókn.



Gullmerkjahafar 2015.



Alltaf verið að funda.



Sturla þungt hugsi.

umræðu hefur jafnframt blandast umræðan um hvað sé góð endurskoðunarvenja og hvort eðlilegt sé að gera sambærilegar kröfur til endurskoðenda hvort heldur um sé að ræða stór og jafnvel skráð fyrirtæki sem og lítil fjölskyldufyrirtæki sem vilja fá endurskoðunaráritun. FLE hefur eins og áður er getið einmitt tekið þátt í SASE vinnunni sem viðleitni Norðurlandanna til að koma með ákveðið útspil sem gæti mætt kröfum vegna endurskoðunar lítilla fyrirtækja, en það á síðan eftir að koma í ljós hvort SASE hljóti hljómgrunn meðan endurskoðenda þegar hann mun liggja fyrir í sinni endanlegu mynd.

Hlutverk Endurskoðendaráðs hefur mikið verið til umræðu og þá sérstaklega hvað varðar gæðaeftirlitið í ljósi þess að samkvæmt Endurskoðunartilskipuninni má eftirlit með PIE félögum ekki vera áfram á hendi FLE. Þetta getur líka átt við annað gæðaeftirlit sem ekki flokkast sem PIE ef yfirvöld kjósa svo að allt eftirlit fari frá FLE. Spurningin er því sú hvort það verður alfarið á hendi ER eða fari eitthvað annað. Hér gæti verið forvitnilegt fyrir félagið sem og ráðgjafahóp FLE að heyra skoðanir félagsmanna. Þessa umræðu má jafnvel tengja ákvæðum laganna um skylduáðild að FLE. Hvort við yfir höfuð viljum hafa skylduáðild og hvort ástæða sé til þess af hálfu löggjafans ef hin ýmsu lögbundnu hlutverk félagsins hverfa frá því með einum eða öðrum hætti.

Eitt af því sem komið hefur til umræðu innan hópsins eru ákvæði laga um notkun orðsins „endurskoðandi“ sérstaklega hvað varðar þá einstaklinga sem lagt hafa inn réttindi sín og samkvæmt laganna hljóðan mega ekki kenna sig áfram við það starfsheiti. Þetta hefur valdið félagsmönnum sem og félaginu miklu hugarangri og til að fá umræðu í gang var sett könnun í loftið fyrir skemmstu. Rúmlega 100 félagsmenn tóku þátt og þar kom m.a. fram að tæplega helmingur vildi nota starfsheitið „löggiltur endurskoðandi“ fyrir þá sem væru með virk réttindi en „endurskoðandi“ fyrir þá sem væru með óvirk réttindi. Sitt sýnist hverjum um þessar niðurstöður en engin einhlýtt lausn í sjónmáli. En það má þó ekki verða á kostnað þeirra mikilvægu hagsmuna sem lögverndun starfsheitis okkar er fyrir stéttina. Síðast en ekki síst hafa orðið nokkrar umræður um Prófnefndina og fyrirkomulag löggildingarprófa. Það er ljóst að eftir að próffyrirkomulaginu var breytt úr fjórum prófum í eitt fyrir nokkrum árum að þá hefur hefur þeim fækkað sem hafa

staðist prófin. Erfitt er að geta sér þess til hverjar ástæðurnar eru en eitt af því sem nefnt er að með þessu fyrirkomulagi er allt undir og ekki um að ræða að viðkomandi aðili sé að ná ákveðnum áfanga, eins og áður var þegar prófin voru fjögur.

Að lokum

Endurnýjun og fjölgun í stéttinni er því ákveðið áhyggjuefni sérstaklega þegar haft er í huga að yfir 40% félagsmanna eru orðnir 55 ára eða eldri enda voru það stórir árgangar sem útskrifuðust á árunum 1980-1985 og eru nú öðru hvoru megin við 60 árin. Þess má jafnframt geta til gamans að á þriggja ára tímabili eftir 1980 útskrifuðust 40 endurskoðendur en á síðast liðnum þremur árum hafa einungis 23 útskrifast sem eiga að taka við keflinu af þeim hópi. Það er því af nógu að taka hjá þeim vinnuhópi FLE sem mun koma að innleiðingu Endurskoðunartilskipunarinnar sem og öðrum atriðum en þar koma fram og eru jafnframt upp á borðinu.

Stjórn FLE ákvað í tilefni af 80 ára afmæli félagsins að veita þremur félagsmönnum gullmerki á aðalfundi þess. Gullmerki FLE er veitt samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni með ákveðin viðmið til hliðsjónar. Þeir sem hlutu gullmerkið að þessu sinni voru tveir fyrrum formenn félagsins, þeir Þórir Ólafsson og Sigurður Páll Hauksson. Ennfremur fékk Ólafur B. Kristinsson gullmerkið fyrir störf í þágu félagsins, en hann kenndi um árabíl við Háskóla Íslands. Hann hefur haldið fjölda námskeiða á vegum FLE í gegnum árin auk þess að starfa að margs konar verkefnum fyrir félagið.

Framundan eru spennandi tímar og vinna á vettvangi félagsins sem mun móta félagið og ekki síður störf stéttarinnar til framtíðar. Í þeim efnum mun félagið áfram treysta á fórnúst sjálfbóðaliðastarf í hinum ýmsu nefndum og vinnuhópum innan félagsins sem og góðar og málefnalegar ábendingar frá einstaka félagsmönnum. Ég vil að lokum þakka fráfarandi formanni, stjórn og nefndum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og ykkur félagsmenn góðir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu starfsári. Það er tilhlökkunarefni að takast á við krefjandi verkefni með nýjum formanni og endurnýjuðu blóði í stjórn og nefndum félagsins.

Sigurður B. Arnþórsson



Löggildingarpróf til endurskoðunarstarfa

Árni Tómasson er endurskoðandi og formaður prófnefndar

Hér á eftir verður fjallað um próf til öflunar endurskoðunarréttinda; hvaða reglur gilda, framkvæmd prófanna, hvernig til hefur tekist og hugleiðingar um hverju má breyta.

Um skilyrði þess að gangast undir löggildingarpróf

Með lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur er fest í lög hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa. Kemur fram í 2. gr. laganna að þeir þurfi m.a. að hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði, að hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðenda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunaryfirtæki og að hafa staðist sérstakt próf sbr. 5. gr. laganna.

Að því er varðar fyrsta liðinn hefur verið miðað við meistaranám í HÍ og HR eða sambærilegt nám og er þetta til samræmis við kröfur í EES löndum. Þeir sem lokið hafa námi í löndum utan EES eða vafi leikur að öðru leyti á um að þeir hafi uppfyllt ákvæði laganna að því er þennan átt varðar, geta leitað til endurskoðendaráðs um staðfestingu á því að nám þeirra uppfylli kröfur laganna.

Að því er varðar annan liðinn um starfsnám var í lögnum fallið frá eldri kröfu um að hluti starfsnáms færi fram eftir að meistaranámi á háskólastigi lyki og einnig var hnykk á því að starfsnám færi fram undir handleiðslu endurskoðenda hjá endurskoðunaryfirtæki og fælist í endurskoðun reikningsskila. Var verið að bregðast við því að áður höfðu nemar starfað í reikningshaldi eða innri endurskoðunardeildum fyrirtækja undir handleiðslu löggilts endurskoðanda og talist þannig hafa uppfyllt ákvæði laganna. Það var ekki talið nægjanlegt lengur, en að öðru leyti hefur við framkvæmd á þessu ákvæði laganna verið látið nægja að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili sem hyggst gangast undir próf hafi verið tilkynntur í starfsnámi til Félags Löggiltra Endurskoðenda og að fyrir liggi yfirlýsing endurskoðanda eða endurskoðunaryfirtækis um að þessari kröfu hafi verið fullnægt. Í þessu sambandi má m.a. vísa til greinar 130.5 í Siðareglum endurskoðenda en þar segir: „Endurskoðandi skal gera ráðstafanir til að tryggja að þeir sem starfa undir stjórn hans í faglegu tilliti fái viðeigandi þjálfun og leiðsögn“. Að því er varðar tímalengd hefur verið miðað við 4.950 vinnustundir í heild, sem svarar til 1.650 vinnustunda á ári að jafnaði. Um þriðja liðinn, próf til löggildingar, verður fjallað síðar. Þess skal getið að úrskurði prófnefndar um hvort fullnægt sé skilyrðum til að mega gangast undir próf er ávallt unnt að skjóta til endurskoðendaráðs til ákvörðunar.

Ekki hefur verið ágreiningur um menntunarkröfur og endurskoðendum hefur verið látið eftir að leggja mat á hvort starfsnám það sem þeir bjóða upp á sé nægjanlega fjölbreytt. Í stærri endurskoðunaryfirtækjunum eru álitæfnin væntanlega þau hvort sérhæfing sé of mikil, hvort nemar eigi þess kost að vinna jöfnum höndum að endurskoðun, reikningshaldi, skattskilum og öðrum sérverkefnum, hvort notkun á fyrirframútbúnum stöðluðum lausnum komi niður á grundvallarskilningi sem að baki býr og hvort nemar fái í nægjanlega ríkum mæli að taka þátt í lausn á vandasömum verkefnum með heildarmynd í huga. Í minni endurskoðunaryfirtækjunum snúa álitæfnin væntanlega fremur að því hvort nemar fái í nægjanlega ríkum mæli að spreyta sig á verkefnum sem kalla á notkun alþjóðlegra endurskoðunar- og reikningsskilastaðla og hvort menntunar- og gæðakerfi fyrirtækisins veiti nemum fullnægjandi stuðning. Hér eru tilgreind nokkur dæmi sem fram hafa komið, en ljóst er að mjög kefjandi er að veita nemum alhliða þjálfun þannig að öllum sjónarmiðum sé mætt.

Því hefur verið haldið fram að það líði of langur tími frá því nemar setja stefnuna á að hljóta löggildingu til endurskoðunar, þar til í ljós kemur hvort þeir standast faglegar kröfur. Þetta er um margt réttmæt ábending, þannig tekur það oftast 8-10 ár frá því nám er hafið á háskólastigi þar til í ljós kemur hvort viðkomandi aðili stenst þær kröfur sem gerðar eru til þess að hljóta réttindi sem endurskoðandi. Vandasamt er að gera hér úrbætur án þess að slaka á kröfum og ef horft er til nágrennandi virðist svipaður háttur á hafður og hér á landi. Hugsa mætti sér stöðupróf eða árlega umsögn umsjónarendurskoðanda til þess að leiðbeina nemum fyrr í ferlinu. Ef lítið er hlutlægt á málið hafa vísbendingar væntanlega komið fram á fyrri stigum, þannig er því ekki að leyna að talsverð fylgni er milli einkunna úr háskóla og árangri í löggildingarprófum, þó að á því séu talsverð frávik. Ennfremur ber að hafa í huga að þó nemar nái ekki tilskilinni lágmarkseinkunn á löggildingarprófum, nýtist þekking þeirra í yfirgnæfandi tilvika mjög vel innan endurskoðunaryfirtækjanna eða í öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

Um löggildingarprófin og framkvæmd þeirra

Í 5. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er fjallað um próf til öflunar endurskoðunaréttinda. Kemur þar fram að prófin skuli ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra, próf skuli að jafnaði haldin einu sinni ár hvert og að próftökugjald skuli standa undir kostnaði við framkvæmd prófanna. Að öðru leyti er vísað til



reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Í 3. gr. reglugerðarinnar er áskilið að í prófunum skuli látið reyna á verklega kunnáttu til þess að nýta fræðilega þekkingu til lausnar á viðfangsefnum. Síðan er upp talið hvað falli undir fræðilega þekkingu og er þar gerður greinarmunur á grunnþáttum og öðrum þáttum sem kunna að varða endurskoðun og störf endurskoðenda. Til grunnþátta teljast alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og settar reikningsskilareglur, auk laga og annarra faglegra staðla sem tengjast endurskoðun og reikningshaldi. Þá eru talin til grunnþátta síðareglur endurskoðenda, áhættustýring og innra eftirlit, kostnaðarbókhald og stjórnendaupplýsingar og greining á fjárhagsupplýsingum. Til annarra þátta teljast skattalög, félagaréttur og stjórnarhættir fyrirtækja, upplýsingatækni og fjármála-stjórn, auk lagaákvæða sem ætla má að tengist starfssviði endurskoðenda. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða, heldur er markmiðið að gefa til kynna þá þekkingu sem ætlast má til að endurskoðendur búi yfir eða hafi á valdi sínu.

Að öðru leyti er að finna í reglugerðinni ákvæði um framkvæmd prófanna, störf prófnefndar og um réttindi og skyldur próftaka og prófnefndar. Segir þar m.a. að próflausnir skuli vera skriflegar, einkunnir skuli gefnar í hálfum og heilum tölum frá 0 til 10 og að lágmarkseinkunn til að standast próf skuli vera 7,5. Þess má geta að frá árinu 2009 hefur ein breyting verið gerð á reglugerðinni, þ.e. á árinu 2014 þegar réttur próftaka til að sjá niðurstöður úr sínu eigin prófi og einstökum þáttum þess var aukinn frá því sem áður var.

En lögin og reglugerðin er ekki það eina sem prófnefndin þarf að hafa í huga við gerð og framkvæmd prófanna. Alþjóðasamband endurskoðenda IFAC og ein af undirnefndum þess - International Accounting Education Standards Board (IAESB) - gefur reglulega út staðla á sínu sviði - International Education Standards (IES) - sem fjalla um viðurkenndar aðferðir tengdar menntun og prófum endurskoðenda. Nefndin sendi í febrúar 2014 frá sér endurgerða skýrslu frá árinu 2010 sem fjallar um þróun og framkvæmd skriflegra prófa (e: Developement and Management of Written Examinations). Þar er fjallað um viðurkenndar aðferðir sem ber að fylgja við gerð og framkvæmd prófa í endurskoðun og er skýrslan byggð á upplýsingum frá aðildarlöndum IFAC. Aðild FLE að IFAC felur í sér að félagið og þar með prófnefndin leitast við að framfylgja og afla viðurkenningar á þeim stöðlum sem IFAC sendir frá sér. Eins og framangreint ber með sér er afar skýr laga- og reglu-rammi um gerð og framkvæmd prófa til löggildingar endurskoðenda og verður hér á eftir gerð grein fyrir því hvernig prófnefndin leitast við að tryggja að gerð og framkvæmd prófanna sé í samræmi við það sem best gerist, að teknu tilliti til þeirra fjármuna sem nefndin hefur úr að spila. Hefur prófnefndin reglulega yfirfarið prófgerð og framkvæmd í nágrannalöndum og borið saman við vinnubrögð hér á landi. Telur nefndin að í meginatriðum séu gerðar hliðstæðar gæðakröfur hér og annars

staðar, þó að nálgun sé í vissum tilvikum ólík. Þannig má nefna að í Danmörku felst hluti prófs í því að próftakar eru látnir gera munnlega grein fyrir vissum þáttum, þegar skriflegu prófi er lokið, en lagaákvæði á Íslandi heimila ekki munnleg próf.

Prófnefndin efnir til fundar með próftökum eftir að umsóknar-fresti lýkur, þar sem gerð er grein fyrir því efni sem er til prófs og hvernig framkvæmd prófanna er hagað. Einnig gefst próftökum kostur á að spyrja nefndarmenn spurninga sem tengjast prófunum og jafnframt eiga þeir möguleika að beina spurningum til prófnefndar fram að prófi. Öll svör sem prófnefnd veitir er miðlað til allra próftaka. Skömmu eftir fund með próftökum heldur FLE í samvinnu við prófnefnd námskeið þar sem prófgerðarmenn fara yfir próf frá fyrra ári, sýna úrlausnir og gera grein fyrir því hvaða efnistökom rétt er að beita við úrlausn prófa. Prófgerðin fer fram með þeim hætti að prófnefnd ákveður vægi tiltekinna efnisþátta þar sem endurskoðun og tengd málefni fá mest vægi, því næst reikningsskil og tengd viðfangsefni og að lokum þau atriði sem ekki eru talin til grunnþátta samanber umfjöllun hér að framan. Fengnir eru tveir prófgerðarmenn til að annast hvern framangreindra þriggja efnisþátta (endurskoðun, reikningsskil, annað) og þess gætt að prófgerðarmenn í sama efnisþætti komi ekki frá sama endurskoðunarfyrirtæki. Prófnefnd og prófgerðarmenn sammælast um efnistöki, en samræming og lokafrágangur er á hendi prófnefndar eftir að prófgerðarmenn hafa skilað lokadrögum með úrlausnum. Hver prófmaður fær prófnúmer sem formaður prófnefndar útbýr og varðveitir án vitneskju annarra og er lögð rík áhersla á að próftakar noti einungis prófnúmer að viðlagðri ógildingu og brottvísun úr prófi. Við yfirferð úrlausna styðjast prófgerðarmenn annars vegar við rafrænt vistaða úrlausn og hins vegar útprentaða úrlausn, en próftakar eru ábyrgir fyrir hvoru tveggja. Í lok prófs er próftökum heimilt að taka með sér útprentað próf og eintak af eigin úrlausn, sem m.a. getur verið gagnlegt að bera síðar saman við sundurliðaða einkunn eftir efnisþáttum. Prófgerðarmenn hafa einungis prófnúmer að byggja á við yfirferð. Báðir koma að yfirferð og einkunnagjöf í hverjum efnisþætti áður en niðurstöður eru sendar til prófnefndar. Prófnefnd yfirfer úrlausnir, athugar sérstaklega öll frávik og sendir öll markatilvik aftur til yfirferðar og samræmingar hjá prófgerðarmönnum áður en lokaeinkunnir eru gefnar. Eftir að lokaeinkunn hefur verið gefin er umslag með prófnúmerum opnað og nöfn tengd við einkunnir. Tilkynningar eru sendar prófmönnum og gefst þeim kostur á að fá nánari upplýsingar um einkunnir sínar eftir efnisþáttum. Prófnefnd hefur leitast við að halda sig vel innan tímamarka við úrlausn prófa og hefur það gengið eftir.

Niðurstöður úr löggildingarprófum

Með lögum nr. 79/2008 og reglugerð nr. 583/2009 var tilhögun prófa breytt frá því sem áður var. Í stað fjögurra aðgreindra prófa áður, var látið reyna á alla efnisþætti í einu prófi. Prófinu var skipt á tvo daga, 8 klst. hvorn dag. Í meðfylgjandi töflu er að finna ýmis konar upplýsingar um niðurstöður úr prófum til löggildingar í endurskoðun þau 7 ár sem núgildandi kerfi hefur verið við lýði.

**Tafla um niðurstöður löggildingarprófa**

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2005-2015
Útskrifaðir endurskoðendur	16	18	15	14	17	13	15	8	8	7	8	139
Þar af karlar	7	11	9	10	10	7	9	4	7	6	6	86
þar af konur	9	7	6	4	7	6	6	4	1	1	2	53
% karlar	44%	61%	60%	71%	59%	54%	60%	50%	88%	86%	75%	62%
% konur	56%	39%	40%	29%	41%	46%	40%	50%	13%	14%	25%	38%
Hlutfall þeirra sem ná												meðaltal
Nýrra kerfi					39%	32%	44%	24%	35%	30%	38%	35%
Umsækjendur												
Umsækjendur, eldra kerfi	60	53	58	56	22	13	5	0	0	0	0	267
Umsækjendur, nýrra kerfi	0	0	0	0	23	25	25	33	23	23	21	173
þar af karlar					23	17	15	21	17	15	12	120
þar af konur					22	21	15	12	6	8	9	93
% karlar					51%	45%	50%	64%	74%	65%	57%	58%
% konur					49%	55%	50%	36%	26%	35%	43%	42%
Fyrsta umsókn												meðaltal
Fyrsta umsókn, nýliðun					24	20	15	24	11	15	18	18
Fjöldi þeirra sem ná í 1 sinn					9	7	7	7	5	6	7	7
Hlutfall þeirra sem ná í fyrsta sinn					38%	35%	47%	29%	45%	40%	39%	39%
Hlutfall nýliða af próftökum							50%	73%	48%	65%	86%	64%
Hlutfall nýliða af útskrifuðum					53%	54%	47%	88%	63%	86%	88%	68%

Taflan sýnir m.a. að um 35% þeirra sem þreyta prófið hverju sinni ná tilskilinni lágmarkseinkunn. Einnig vekur athygli að hlutur kvenna virðist lækka á seinni árum, hvort sem litið er til umsækjenda eða þeirra sem útskrifast. Þá virðist hlutfall þeirra sem reyna við prófið oftast en einu sinni fara lækandi, sem aftur hefur í för með sér að mikill meirihluti þeirra sem nær tilskilinni lágmarkseinkunn nær í fyrstu tilraun.

Gagnrýni og framtíðarhorfur

Eitt af því sem gagnrýnt hefur verið er að prófið sé of erfitt, m.ö.o. geri of miklar kröfur til próftaka. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að verið er að veita einstaklingum réttindi til þess að sannreyna réttmæti fjárhagsupplýsinga hjá öllum rekstrareiningum, þ.m.t. fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum og hjá stórum og flóknum fyrirtækjum og fyrirtækjasamsteypum, sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð reikningsskila sinna. Flest þessara fyrirtækja eiga í alþjóðlegum samskiptum og í samræmi við lög og samninga sem Ísland hefur gert við önnur þjóðríki og félagasamtök þarf að sannreyna réttmæti upplýsinganna samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Þó færa megi fyrir því rök að mikill meirihluti fyrirtækja hér á landi þurfi ekki á svo veigamiklu

regluverki að halda, standa engin rök til þess að gefa afslátt af kröfum til þeirra einstaklinga sem veitt eru æðstu réttindi hér á landi til að sannreyna réttmæti reikningsskila og eru löggildingarprófin við það miðuð. Reynt er að gæta þess að kröfur hér á landi séu í samræmi við kröfur sem gerðar eru í okkar helstu nágranna- og viðskiptalöndum.

Annað sem hefur verið gagnrýnt er að of langan tíma taki að leiða í ljós hvort einstaklingur stenst þær kröfur sem gerðar eru til þess að öðlast löggildingu. Þá hefur lágt hlutfall þeirra sem gangast undir próf og standast lágmarkskröfur verið gagnrýnt. Að því er varðar prófnefndina hefur áður verið gerð grein fyrir því hvað ráði ferð við gerð prófa, framkvæmd og yfirferð. Hinu er ekki að leyna að marktækur munur virðist vera á árangri próftaka eftir því hvaðan þeir koma. Hér þarf væntanlega að skoða ráðningarferli, gæði starfsnáms og hvaða skilaboð eru gefin þeim sem starfsnám stunda. Er t.d. reglubundið rætt við nema í starfsnámi, hvort þeir eiga erindi í löggildingarpróf að mati umsýjendurskoðanda eða þurfi að bæta úr á vissum sviðum áður en það skref er stigið? Umræða í þessa veru, sem getur fært okkur fram á við, er væntanlega öllum til hagsbóta.



Með aukinni sérhæfingu innan þess efnissviðs sem löggildingarprófin taka til, hefur komið til umræðu í prófnefnd hvaða kröfur sé eðlilegt og sanngjarnt að gera til próftaka um sérhæfingu t.d. í skattarétti, upplýsingatækni og fleiri greinum. Niðurstaða nefndarinnar hefur verið sú að krefjast annars vegar þekkingar sem gerir endurskoðendum kleift að leysa almenn viðfangsefni innan efnissviðs prófanna og hins vegar að hafa næga þekkingu til að bera til að gera sér grein fyrir hvenær kalla þarf til frekari sérfræðiaðstoð í samræmi við ákvæði staðla og siðareglna.

Loks hefur verið fundið að framkvæmd prófanna, einkum því að aðbúnaður í prófum sé ekki nægjanlega góður, að prófmenn geti ekki nýtt sér eigin tölvur og séu ekki að vinna í umhverfi sem þeir eiga að venjast. Þetta er um margt réttmæt gagnrýni, sem prófnefndin hefur rætt og reynt að finna lausnir á. Próftakar þurfa að standa undir öllum kostnaði við prófin og til þess að halda honum niðri hefur prófnefndin notið velvildar

háskólanna, á síðustu árum Háskólans í Reykjavík, með aðgengi að tölvuverum þeirra. Þróun mála í skólunum er hins vegar sú að dregið hefur úr umfangi tölvuvera og skýrir það hve þröngt hefur verið um próftaka í löggildingarprófum á síðari árum. Prófnefndin stefnir að því að próftakar geti notað eigin tölvur og haft með sér allar upplýsingar á rafrænu formi þegar fram í sækir. Í þessu sambandi þarf þó að tryggja að farið sé að kröfum um próf á háskólastigi og að próftakar fari að fyrir-mælum um það hvaða aðstoðarforrit megi styðjast við og hver ekki. Í þessu sem öðru ræður tíðarandi og tækni för að vissu marki, en aldrei má þó missa sjónar á því mikilvæga hlutverki sem endurskoðendur gegna við að sannreyna réttmæti fjárhagsupplýsinga og er ég þeirrar skoðunar að próf til staðfestingar á hæfi einstaklinga til að gegna þessu starfi eigi ávallt að vera krefjandi.

Árni Tómasson

Nýir félagar 2016

FLE hefur borist listi yfir þá sem stóðust tilskilin verkleg próf sem fram fóru dagana 12. og 14. október 2015 og hafi þar með öðlast rétt til að fá löggildinguna sem endurskoðendur. Niðurstaða nefndarinnar er sú að eftirtaldir átta einstaklingar hafi staðist tilskilin verkleg próf. Það er gleðilegt að sjá að í hópunum eru tveir sem koma frá minni endurskoðunarfyrirtækjum, en undanfarin ár hafa eingöngu einstaklingar frá fjórum stærstu stofnunum komist í gegnum nálaraugað. Prófnefnd hefur sent listann til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem veitir löggildinguna formlega. Til hamingju með þetta öll og velkomin í félagið.



Ásbjörn Guðmundsson,
Deloitte



Brynja Kristjánsdóttir,
BT



Eyþór Guðjónsson,
Deloitte



Guðmundur Ingólfsson,
Deloitte



Kristján Þór Ragnarsson,
Deloitte



Magnús Mar Vignisson,
PwC



Oddný Assa Jóhannsdóttir,
KPMG



Örvar Omrí Ólafsson,
BDO



Vaxtafrádráttur – hvar liggja mörkin?

Páll Jóhannesson, lögmaður Nordik lögfræðipjónustu

Álitaefni um frádrátt vaxtakostnaðar hafa lengi verið til umræðu í heimi skattamála. Af þeim sökum hafa víða verið settar ýmsar sértækar reglur um slíkan frádrátt eins og t.a.m. reglur um þunna eiginfjármögnun (e. thin capitalisation), en slíkar reglur eiga að draga úr hvata þess að alþjóðlegar samstæður noti fremur vaxtaberandi lán til fjármögnunar en hlutafé með það að markmiði að lækka skattstofna. Finna má ýmsar aðrar takmarkandi reglur sem varða frádrátt vaxtakostnaðar en auk þess geta hinar almennu skattasniðgöngureglur átt við í einstaka málum.

Hér á landi hafa ekki verið settar sértækar reglur um frádrátt vaxtakostnaðar en fjallað er um slíkan kostnað með almennum hætti í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (hér eftir TSL), sbr. 49. gr., og reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri, sbr. 5. gr. en auk þess gildir hin almenna regla sem fram kemur í 29. og 31. gr. TSL um frádráttarbæran kostnað. Ljóst er að svo vaxtagjöld geti talist frádráttarbær verða þau að tengjast atvinnurekstrinum og ganga til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Að öðru leyti eru ekki fyrir hendi takmarkanir sem gilda um sérstaklega skilgreindar aðstæður.

Eins og þekkt er hefur nú reynt á vaxtafrádrátt í nokkrum Hæstaréttardómum í tengslum við skuldsettar yfirtökur/samruna, sbr. dóma nr. 555/2012 og 529/2013. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga dóm Hæstaréttar í máli nr. 321/2005, sem fjallaði um frádráttarbærni affalla af skuldabréfi vegna lækkunar hlutafjár. Af úrskurðum yfirskattanefndar verður síðan sérstaklega að nefna nýlegan úrskurð nr. 174/2015 sem fjallaði um nýtt lán móðurfélags til endurfjármögnunar skuldar dótturfélags en vaxtagjöld þess síðarnefnda voru ekki talin frádráttarbær, enda rann það inn í dótturfélagið eftir skuldsetta yfirtöku/samruna.

Ef litið er heildstætt á framangreind fordæmi og þær reglur sem nú gilda um frádrátt vaxtakostnaðar er það lykilatriði að viðkomandi lán verður að hafa rekstrarlegan tilgang og geta talist til kostnaðar við að afla eða ávaxta fé í rekstri. Ef lánið hefur rekstrarlegan tilgang en kjör lánsins þykja hins vegar óeðlileg hafa skattyfirvöld heimild skv. 2. mgr. 57. gr. TSL til þess að leiðrétta kjörin til samræmis við það sem eðlilegt getur talist. Hins vegar geta óeðlileg kjör ein út af fyrir sig ekki réttlætt að vaxtagjöld séu felld niður í heild sinni ef fyrir liggja rekstrarlegar ástæður fyrir láninu. Ef sýnt er fram á að eini tilgangurinn með lántöku hafi verið skattalegur ávinningur er að

sama skapi sýnt fram á að lánið hafi ekki verið tekið af rekstrarlegum ástæðum. Niðurstaðan er á hinn bóginn sú sama hvort sem hún byggir á 31. gr. TSL eða 1. mgr. 57. gr. sömu laga, þ.e.a.s. að vaxtagjöld af slíku láni teljast ekki frádráttarbær.

Samkvæmt ofangreindu er ekki til staðar regla í íslenskum rétti sem takmarka svigrúm hlutahafa til að fjármagna félög með lánnum frekar en hlutafé að því gefnu að lánið tengist rekstri félagsins. Ákvæði 2. mgr. 57. gr. TSL gerir hins vegar ráð fyrir að slík lán séu á markaðskjörom eða a.m.k. ekki á „óeðlilegum“ kjörom. Í opinberri umræðu hefur verið bent á að ákvæði 57. gr. TSL gæti mögulega tekið á „óeðlilegu“ hlutfalli lána á kostnað hlutafjár þrátt fyrir að ekki séu til staðar reglur um þunna eiginfjármögnun. Sú nálgun verður að teljast nokkuð langsótt enda yrði þá að sýna fram á hver markaðskjör væru í því sambandi. Hitt er annað mál hvort talist geti óeðlilegt að breyta hlutafjárfjármögnun eftir á í lánsfjármögnun, t.a.m. með arðgreiðslu eða hlutafjárþækkun að því gefnu að upphaflega hlutafjárframlagið hafi ofangreindan rekstrarlegan tilgang. Af umfjöllun yfirskattanefndar að dæma í máli nr. 296/2006 virðist nefndin ekkert sjá því til fyrirstöðu en í forsendum kemur m.a. fram:

Til þess er að líta að viðurkennt er að einkahlutafélag getur greitt arð jafnt með reiðufé fyrirtækisins sem lánsfé sem það kann að afla í þessu skyni. Eins og áður er komið fram setja hvorki lög um tekjuskatt og eignarskatt né önnur lög því skorður að hluthafar í einkahlutafélögum veiti slíkum félögum lán.

Nefndin vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 321/2005 og virðist skv. þessum forsendum ekki telja ástæðu til að draga svo víðtækar ályktanir af honum að slík lán geti ekki talist hafa rekstrarlegan tilgang. Neikvæð túlkun á forsendum þess dóms hefði hins vegar getað verið sú að hvers kyns lán sem tekin eru til að „losa fé“ til hluthafa tengdust ekki rekstrinum.

Yfirskattanefnd hefur einnig staðfest að vextir af skuldum sem félög, sem hafa það að meginmarkmiði sínu að fjárfesta í og eiga hluti í öðrum félögum og njóta arðs af þeim, hafa stofnað til vegna fjárfestinga í hlutabréfum, séu frádráttarbærir frá tekjum þeirra sem rekstrarkostnaður, sbr. úrskurð nr. 174/2015. Ekki hefur þar áhrif þó að tekjur af hlutabréfum séu að meginstefnu til ekki skattskyldar, sbr. frádráttarheimild 9. tölul. og 9. tölul. a. 31. gr. TSL og mögulega safnast almennt upp yfirfær- anlegt tap hjá slíkum félögum nema á móti komi vaxtatekjur.



Líkt og skrifað hefur verið um áður má velta fyrir sér forsendum fyrir niðurstöðu í málum nr. 555/2012 og 529/2013 vegna skuldsettra yfirtaka/samruna þar sem slík eignarhaldsfélög sameinast rekstrarfélögum án þess að hægt sé að fara ítarlega yfir þau mál í þessari stuttu grein. Engar lagalegar forsendur eru fyrir hendi til þess að hafna samsköttun slíks eignarhaldsfélags með rekstrarfélagi í yfir 90% eigu slíks félags, sbr. 55. gr., skv. framangreindum forsendum um frádráttarbærni vaxtagjalda. Að sama skapi væru vaxtagjöld slíks eignarhaldsfélags frádráttarbær í áframhaldandi rekstri slíks eignarhaldsfélags. Samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar falla þau réttindi að draga slík vaxtagjöld frá tekjum eingöngu niður við samruna þess og dótturfélags þess en ef félögin tvö halda sjálfstæði sínu þá eru vaxtagjöldin að fullu frádráttarbær frá tekjum.

Almennt orðað byggir niðurstaða Hæstaréttar á þeim forsendum að skuldir eignarhaldsfélagsins tengist ekki rekstri dótturfélagsins. Forsendurnar virðast hins vegar ekki hafa verið þær að skuldirnar hafi verið færðar til dótturfélagsins eingöngu í

skattalegum tilgangi enda hefði það skv. framansögðu ekki staðist skoðun. Ef horft er á einfalda útgáfu af slíku máli er ljóst að tekjur eignarhaldsfélagsins, sem hefðu verið í formi arðs og söluhagnaðar, verða ekki lengur fyrir hendi eftir samruna. Ef horft er heildstætt á málið verður eftir sem áður ekki annað ráðið en að höfnun á vaxtafrádrætti eftir samruna slíkra félaga hafi meira með form að gera fremur en efni. Oft er erfitt að átta sig á hvers vegna ráðist er í svo íþyngjandi aðgerðir gegn skattgreiðendum jafnvel þótt lagatæknilega sé hægt að ná fram neikvæðri niðurstöðu.

Með vísan til þess er að framan greinir verður útgangspunktur vegna vaxtagjalda skv. núverandi reglum alltaf hvort hægt sé að sýna fram á hinn rekstrarlega tilgang að baki láninu. Að sama skapi má einnig ráða af fordæmum og skilaboðum skatt-yfirvalda að þegar á reynir munu markatilvik í flestum tilvikum túlkuð ríkinu í vil á kostnað skattgreiðenda.

Páll Jóhannesson



Frá hádegisfundum.



Reikningskilanefnd er önnur kafin.



Endurskoðunardagur 2015.



Gleðistund.



Nýr staðall um tekjuskráningu

Anna María Ingvarsdóttir er endurskoðandi hjá KPMG

Alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini var gefinn út 28. maí 2014 og átti að gilda frá 1. janúar 2017. Staðallinn leysir af hólmi ýmsa aðra staðla og túlkunar sem fjalla um tekjuskráningu af sölu á vörum og þjónustu. Í ljósi flækjustigs sem fylgir innleiðingu staðalsins ákváðu Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) og Bandaríska reikningsskilaráðið (FASB) að fresta gildistöku hans um eitt ár, til 1. janúar 2018. Þá hafa verið gefin út drög að breytingum á staðlinum. Staðallinn hefur ekki ennþá verið staðfestur af Evrópusambandinu en gert er ráð fyrir að það gerist á öðrum ársfjórðungi 2016 og miðað verði við gildistöku 2018.

Nýtt verklag við tekjuskráningu - 5 skrefa líkan

Meginregla IFRS 15 er sú að fyrirtæki skal skrá tekjur í bókhaldi eftir því sem yfirfærsla á vöru eða þjónustu á sér stað, til viðskiptavina og fjárhæð tekna endurspeglar gagngjaldið sem fyrirtæki væntir að fá vegna sölu á viðkomandi vöru eða þjónustu. Samkvæmt IFRS 15 skrá fyrirtæki tekjur á ákveðnum tímamarki eða á tilteknu tímabili. Til að komast að því hvort eigi við munu fyrirtæki þurfa að fylgja eftirfarandi „5 skrefa líkani“ staðalsins:

1. **Greina samning við viðskiptavin** - Samningur telst vera til staðar þegar líklegt er að hægt verði að innheimta söluverð á grundvelli samningsins, hann hefur viðskiptalegan tilgang, hægt er að greina greiðsluskilmála og rétt til móttöku á vöru eða þjónustu, samningurinn er samþykktur og báðir aðilar samningsins eru staðráðnir í að standa við hann. Samningur í skilningi staðalsins þarf ekki að vera skriflegur.
2. **Greina samningsskyldu seljanda** - Félög verða að meta hvort skyldan felur í sér að afhenda eina aðgreinanlega vöru eða þjónustu eða hvort afhendingin fari fram í áföngum. Skoða þarf tvö skilyrði til að greina hvort um sé að ræða aðgreinanlega skyldu eða hvort hún sé hluti af annarri vöru eða þjónustu. Ef bæði skilyrðin eru uppfyllt er um ræða aðgreinanlega samningsskyldu.

Skilyrðin eru:

1. Hægt er að nota vöruna eða þjónustuna eina og sér eða með öðrum auðlindum sem viðskiptavinur getur haft aðgang að.
2. Afhendingin á vörunni eða þjónustunni getur farið fram óháð því hvernig staðið er við aðra þætti samningsins.

3. **Ákvarða viðskiptaverð** - Viðskiptaverð er það verð sem félag áætla að eiga rétt á í skiptum fyrir vöru eða þjónustu að frádregnum fjárhæðum sem innheimtar eru fyrir hönd þriðja aðila, t.d. virðisaukaskattur. Viðskiptaverðið er ákvarðað á samningsdegi en ekki er tekið tillit til mögulegra breytinga á samningsákvæðum. Við ákvörðun á viðskiptaverði er ekki litið til útlánaáhættu heldur er tekið tillit til hennar þegar metið er hvort samningur sé til staðar.
4. **Úthluta viðskiptaverði á samningsskyldu seljanda** - Þegar samningur felur í sér að staðið er við ákvæði hans í áföngum þarf að greina einstakar skyldur og úthluta viðskiptaverði á hverja þeirra.
5. **Færa tekjur þegar félagið hefur uppfyllt skyldu sína** Annað hvort á tímamarki eða á tímabili, eftir því sem við á. Til að greina hvort tekjur eru skráðar á tímamarki eða tímabili er horft til ákveðinna viðmiða og ef eitt þeirra er uppfyllt þá eru tekjur færðar á tímabili í samræmi við það hvernig skyldan er innt af hendi en annars á þeim tímamarki sem yfirráð yfir vörunni eða þjónustunni flytjast til viðskiptavinarins.

Mismikil áhrif IFRS 15 á fyrirtæki eftir atvinnugreinum

Innleiðing staðalsins mun hafa mismikil áhrif á fyrirtæki eftir atvinnugreinum en öll félög munu eiga það sameiginlegt að verulegar breytingar verða á skýringum sem fram eiga að koma í reikningsskilum þeirra. Áhrif af innleiðingu á sum félög fela eingöngu í sér breytingu á tímasetningu innlausnar tekna en önnur geta þurft að gera umtalsverðar breytingar á ferlum og upplýsingakerfum sínum. Þar sem innleiðingin snertir ekki eingöngu reikningsskilasvið félaga munu ólík svið innan þeirra þurfa að vinna saman að innleiðingunni. Hér eru nefndar nokkrar atvinnugreinar og hvaða þætti má gera ráð fyrir að helst reyni á við innleiðingu staðalsins.

Símafyrirtæki

Innleiðing staðalsins getur haft víðtæk áhrif á tekjuskráningu símafyrirtækja, t.d. þegar selt er í einum pakka símatæki og þjónusta á tilteknu tímabili, þegar seldar eru ólíkar áskriftir saman í pakka, t.d. heimasími, farsímaáskrift, sjónvarpsáskrift, þegar seld er þjónusta til eins aðila sem getur náð til fjölda notenda, þóknun vegna upphafstengingar, sértækir afslættir, langtímasamningar og meðferð upphafskostnaðar vegna tenginga.



Flutningafyrirtæki

Meðal þeirra þátta sem gera má ráð fyrir að helst reyni á hjá flutningaaðilum, svo sem flugfélögum, eru tryggðakerfi hverskonar, meðferð farmiða sem ekki eru nýttir og fást ekki endurgreiddir, endurgreiðslur á grundvelli umfangs viðskipta, viðbótarþjónusta sem greitt er sérstaklega fyrir eða er hluti af fargjaldi eins og t.d. aðgangur að setustofu, máltíð og aðgengi að interneti, auk fraktflutninga.

Orkufyrirtæki

Breyting verður á leiðbeiningum um flutning eigna frá viðskiptavinum við innleiðingu IFRS 15. Staðallinn kynnir einnig breytta aðferð við reikningskilalega meðferð þegar viðskiptavinir fullnýta ekki samningsbundinn rétt sinn. Annað sem innleiðing staðalsins gæti haft áhrif á er þegar gagngjald er breytilegt, samningsákvæði breytast og hvernig farið er með kostnað sem fellur til við samningsgerðina. Einnig eru veittar ítarlegar leiðbeiningar þegar afhentar eru ólíkar vörur og þjónusta til að meta hvort um sé að ræða ólíkar samningsskyldur eða ekki.

Leyfishafar

Félög sem afla tekna á grundvelli leyfis eins og t.d. lyfjafyrirtæki, hugbúnaðarframleiðendur, kvikmynda-, þáttagerða- og tölvuleikjaframleiðendur þurfa að huga að því hvort tekjur eru færðar á ákveðnum tímamarki eða yfir samningstímann. Í kjölfar þess að innleiðingu staðalsins var frestað hefur hafist vinna við að skoða hvort honum verði breytt hvað varðar tekjuskráningu á grundvelli leyfis. Hvort sem staðallinn stendur óbreyttur eða verði breytt í samræmi við framkomnar tillögur er ljóst að tekjuskráning á grundvelli leyfis getur leitt til þess að tekjuskráning muni breytast.

Framleiðslufyrirtæki

Framleiðslufyrirtæki þurfa, líkt og leyfishafar, að huga að því hvort tekjur skuli færa á ákveðnum tímamarki eða yfir samningstíma. Staðlaðar fjöldaframleiddar vörur myndu alla jafna verða færðar á tímamarki en málin flækjast þegar um klæðskerasniðnar afurðir er að ræða. Mætti hér nefna smíði og uppsetningu á framleiðslulínum í verksmiðjuhúsnæði. Þegar svo háttar til þarf að skoða ítarlega hvern samning, enda engir tveir samningar eins. Til dæmis þarf að greina fjölda þátta (skyldur) í samningi og hvenær skuli tekjufæra hvern þátt, hvort gagngjald sé breytilegt, svo sem vegna árangurstengdra þóknana og hvort samningurinn innifeli ábyrgð og þjónustu sem teljast myndu vera sérstakar samningsskyldur.

Fjármálafyrirtæki

Fjármálafyrirtæki sem beita alþjóðlegu reikningskilastöðlunum eru önnur kafin þessi misserin við undirbúning innleiðingar á nýjum staðli um fjármálagerninga, IFRS 9. Þau þurfa hins vegar líka að gera ráðstafanir vegna IFRS 15 sem að óbreyttu öðlast gildi sama dag og fyrrnefndi staðalinn. Þó IFRS 15 muni ekki hafa jafnvíðamikil áhrif á starfsemi fjármálafyrirtækja og IFRS 9 er engum blöðum um það að fletta að hluti af vöru- og þjónustuframboði fjármálafyrirtækja fellur undir gildissvið IFRS

15. Má hér nefna tekjur af eignastýringu, þjónustugjöld ýmis konar og aðrar þóknarir, svo sem vegna útboðslýsinga og viðskiptavaktar með verðbréf.

Vátryggingafélög

Staðallinn IFRS 4 Vátryggingasamningar gildir um reikningskilalega meðferð vátryggingasamninga en vátryggingafélög geta þó verið að veita þjónustu eða selja vörur sem falla undir ákvæði IFRS 15 og því er mikilvægt að vanmeta ekki möguleg áhrif staðalsins fyrir þau. Tiltekinn samningur getur því verið að hluta til eða að öllu leyti innan gildissviðs IFRS 15. Samningar sem fela ekki í sér vátryggingaþjónustu geta falið í sér ólíkar samningsskyldur sem þarf að meta sérstaklega.

Fasteignafélög

Um tekjuskráningu vegna leigu á eignum gildir enn um sinn IAS 17 Leigusamningar en hafa verður í huga eðli þeirrar þjónustu sem fasteignafélög veita og hvort hluti þeirrar þjónustu falli undir IFRS 15.

Nýjar og víðtækari kröfur um upplýsingagjöf

Til að lesandi reikningsskila eigi auðveldara með að skilja eðli, fjárhæð, tímasetningu, óvissu tengda tekjum og sjóðstreymi sem kemur til vegna samninga við viðskiptavinum hafa verið settar nýjar kröfur um skýringar bæði í ársreikningum og árs- hlutareikningum. Meðal þess helsta sem mun breytast eru kröfur um ítarlegri sundurliðun tekna og verulegar breytingar í samningseignum og skuldum. Upplýsingar um hvenær þess er vænst að samningsskylda verði uppfyllt auk helstu greiðsluskilmála. Fjárhæð eftirstæðrar samningsskyldu og hvenær ráðgert er að tekjur vegna þeirra verði færðar í reikningsskilin. Upplýsa þarf um helstu matsþætti við ákvörðun á viðskiptaverði og með hvaða hætti því er úthlutað á samningsskyldu.

Mismunandi leiðir í boði við upptöku IFRS 15

Við innleiðingu staðalsins er hægt að innleiða ákvæði hans afturvirkir þar sem samanburðarfjárhæðir í ársreikningi eru endurgerðar eins og staðlinum hafi alltaf verið beitt eða með því að beita aðferðinni um uppsöfnuð áhrif en þá eru áhrifin af innleiðingu staðalsins færð á innleiðingardegum hans og engar breytingar gerðar á samanburðarfjárhæðum. Þegar aðferðinni um uppsöfnuð áhrif er beitt eru tiltekna skýringarkröfur sem þarf að uppfylla. Félag sem gera ráð fyrir að innleiðing staðalsins muni hafa veruleg áhrif á tekjuskráningu sína munu væntanlega beita staðlinum afturvirkir en þau sem gera ekki ráð fyrir verulegum áhrifum munu væntanlega beita aðferðinni um uppsöfnuð áhrif.

Þegar félag innleiða ákvæði staðalsins afturvirkir er einnig heimilt að beita einhverjum af eftirfarandi undanþágum:

1. Ekki þarf að endurgera vegna samninga sem hafa verið gerðir upp innan sama reikningsársins. Félag með marga samninga sem gilda til skamms tíma munu væntanlega helst beita þessari undanþágu.

- Þegar samningar sem innihalda breytilegt gagnjald hafa verið gerðir upp fyrir lok reikningsárs er heimilt að færa tekjur í samræmi við raunverulega tekjuinnlausn frekar en að áætla hvaða tekjur hefði átt að færa þegar samningurinn var upphaflega gerður. Félög sem gera samninga sem gilda til langs tíma og innihalda breytilegt gagnjald munu væntanlega helst beita þessari undanþágu.
- Ekki þarf að skýra frá þeim hluta viðskiptaverðs sem úthlutað hefur verið á óuppfyllta samningsskyldu fyrir tímabil fyrir innleiðingardagsetningu staðalsins né hvenær félagið telur að það muni færa þær tekjur. Félög sem gera langtímasamninga og samningsskyldan er framkvæmd á samningstímanum munu væntanlega helst beita þessari undanþágu.

Innleiðing IFRS 15 getur haft viðtæk áhrif

Hvort sem innleiðingin á IFRS 15 leiðir til breytinga á skráningu tekna eða ekki munu öll fyrirtæki þurfa að tileinka sér og beita nýju verklagi við tekjuskráningu. Það er því mjög mikilvægt fyrir stjórnendur fyrirtækja að átta sig á að innleiðing IFRS 15 felur í sér meira en breytingu á sviði reikningsskila. Innleiðing IFRS 15 getur einnig haft áhrif á önnur svið, svo sem á samningagerð, áætlanir, stjórnun, starfsfólk, ferli og upplýsingakerfi. Margir eru reyndar sammála um að stærsta áskorunin við innleiðinguna á IFRS 15 verði fólgin í aðlögun upplýsingakerfa fyrirtækja að reglum IFRS 15 enda munu fyrirtæki þurfa að sýna fram á að tekjuskráning þeirra, sem oft byggir á sjálfvirkum upplýsingakerfum, uppfylli öll skilyrði sem eru sett í 5 skrefa líkani staðalsins.

Stjórnendur fyrirtækja þurfa að leggja mat á hugsanleg áhrif af innleiðingu IFRS 15 í tíma til að átta sig á umfangi og kostnaði sem innleiðingin kann að hafa í för með sér. Þetta felur meðal annars í sér að stjórnendur þurfa að greina hugsanleg frávík og hvaða áhrif frávikin geta haft á núverandi verklag. Þá þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir um hvaða lausnir henta í hverju tilviki fyrir sig og hanna, innleiða og viðhalda viðkomandi lausn. Mikilvægt er að standa að innleiðingu staðalsins með skipulögðum hætti hvort sem talið er að innleiðingin hafi lítil eða mikil áhrif á ferla og fjárhagsfærslur fyrirtækja því stjórnendur verða að tryggja að ákvæðum staðalsins sé fylgt.

Að lokum

Þó að niðurstaða um hvenær beri að skrá tekjur samkvæmt IFRS 15 breytist ekki frá því sem nú er munu flest félög þurfa að breyta aðferðafræði sem þau nota í dag til að komast að niðurstöðu um hvenær ber að færa tekjur og miðað við hvaða fjárhæð. Það er því ljóst að innleiðing IFRS 15 muni hafa áhrif á öll þau félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en umfang áhrifanna verður mismikið eftir atvinnugreinum. Til að stjórnendur félaga geti áttað sig með fullnægjandi hætti á áhrifum innleiðingarinnar er mikilvægt að draga ekki að meta áhrifin, því þá gefst nægur tími til að hanna og innleiða breytingar sem innleiðingin á IFRS 15 mun hafa í för með sér og hægt verður að kalla alla viðeigandi aðila að þeirri vinnu.

Anna María Ingvarsdóttir



Frá námskeiði um siðamál.



Sérfræðingaábyrgð

Jóhannes Sigurðsson hrl. hjá Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofu

Ábyrgð endurskoðenda

Á undangengum árum hefur skaðabótakröfum á hendur sérfræðingum fjölgað nokkuð frá því sem áður var. Þessi þróun beinist að mörgum starfstéttum m.a. endurskoðendum, lög-
mönnum, fasteignasölum og nú á síðustu árum bankastarfs-
mönnum. Ástæðurnar eru líklega þær að viðskipti eru sífellt að
verða flóknari og meiri hagsmunir eru húfi fyrir fyrirtæki og ein-
staklinga. Fólk leitar í auknum mæli til sérfræðinga um ráðgjöf
og vinnu vegna flókens regluverks. Mikið traust er lagt á sér-
fræðinga um að veita góða, tryggja og skilvirka þjónustu. Fyrir
þjónustuna fá sérfræðingar almennt greitt hærra endurgjald en
almennir starfsmenn enda hafa þeir oft varið umtalsverðum-
tíma í að afla sér sérfræðimenntunar. Þá er starf sérfræðings
oft mjög krefjandi og því fylgir mikil ábyrgð. Kröfur sem gerðar
eru til sérfræðinga eru því miklar.

Í tveimur nýlegum Hæstaréttardómum hefur reynt sérstak-
lega á skaðabótaábyrgð endurskoðenda og er viðfangsefni
þessara skrifa að skoða hvaða ályktanir megji draga af þeim
dómum. Dómarnir sem um ræðir eru svokölluð *Toyotamál*¹ og
Vinnulyftumál.² Í málunum reyndi m.a. á aðkomu endurskoð-
unarfélaga að samruna fyrirtækja og sölu á félagi.

Sérstaða sérfræðiábyrgðar

Til þess að setja dómsmálin í samhengi er rétt að fara fáeinum
orðum um þær sérstöku reglur sem gilda þegar ábyrgð sér-
fræðinga er metin.³ Þegar skaðabótaábyrgð er metin á grund-
velli hinnar almennu skaðabótareglu (sakarreglunnar) er miðað
við það hvernig góður og gegn maður hefði hegðað sér í við-
komandi kringumstæðum. Strangari kröfur eru gerðar til sér-
fræðinga og eru það einkum neðangreind þrjú atriði sem leiða
til þess að ábyrgðin er ríkari:

1. Ríkar kröfur eru gerðar til þess að sérfræðingar sýni af
sér aðgæslu og vandvirkni í starfi. Þeir eiga að þekkja vel
til þeirra reglna sem þeir eru að vinna eftir og hafa mjög
takmarkað svigrúm til að víkja frá þeim. Við mat á hátt-
semi sérfræðinga skipta góðar starfsvenjur miklu máli að
því gefnu að þær uppfylli strangar kröfur um aðgæslu.

2. Vegna sérstakrar þekkingar er gert ráð fyrir því að sér-
fræðingar eigi að sjá betur fyrir afleiðingar af háttsemi
sinni, þ.e. hvort og hversu mikil tjónshætta fylgir af hátt-
seminni. Skiptir þetta máli við mat á orsakatengslum, þ.e.
hversu líklegt sé að tjón geti hlotist af háttsemi.

3. Sérfræðingar eru oft í betri aðstöðu til þess afla eða
geyma sönnunargögn sem tengjast störfum þeirra. Þá
eru þeir oft, vegna sérþekkingar, í betri stöðu til þess að
færa fram sönnur um atriði sem máli geta skipt við mati á
ábyrgð. Af þessum sökum er stundum slakað á sönnunar-
kröfum tjónþola. Almenn hvílir á tjónþola að sanna tjón
en í málum sérfræðinga er oft slakað á þeim sönnunar-
kröfum t.d. um orsakatengsl þegar sök þykir sönnuð.

Toyotamálið

Í málinu var gerð krafa á hendur endurskoðunarfélagi vegna
meindra mistaka þess, annars vegar við ráðgjöf um skipulag á
samruna tveggja félaga á árinu 2005 og hins vegar við ráðgjöf
og gerð skattframtals fyrir árið 2006. Nánar tiltekið var þar um
að ræða öfugan samruna þar sem félag sem hafði keypt annað
félag með lánsfjármögnun var sameinað hinu síðarnefnda.
Hæstiréttur hafði í fyrri dómi varðandi sama samruna dæmt
að fjármagnstekjugjöld vegna lánsins sem fengið var vegna
kaupanna hafi ekki tengst rekstri hins sameinaða félags og því
hafi ekki verið heimilt að gjaldfæra þau í bókhaldi þess. Tjónið
sem félagið taldi sig hafa orðið fyrir var álag sem hafði verið
lagt á það þar sem ekki var heimilt að gjaldfæra fjármagns-
kostnaðinn, þvert á meinta ráðgjöf endurskoðunarfélagsins. Að
auki krafði félagið endurskoðunarfélagið um bætur m.a. vegna
sérfræðikostnaðar við skattamál sem hafði verið rekið vegna
deilu um skattlagninguna.

Atvik málsins voru þau að endurskoðunarfélagið hafði
aðstoðað við gerð áreiðanleikakönnunar og bráðabirgðaverð-
mats við upphaflegu kaupin á félaginu. Þau gögn lágu m.a.
til grundvallar við ákvörðun kaupverðs. Í málinu lá einnig fyrir
að endurskoðunarfélagið hafði unnið samrunaskjölin, þ.m.t.
samrunareikning og matsskýrslu. Þá höfðu lögfræðingar á
skattasviði endurskoðunarfélagsins unnið við verkefnið. Af

1. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 138/2015 (*Toyota á Íslandi ehf. gegn Deloitte ehf.*)

2. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 302/2013 (*Eyvindur Jóhannsson gegn KPMG ehf. ofl.*)

3. Í grein höfundar í afmælisriti Viðars Más Matthíassonar hæstaréttardómara, *Ábyrgð á endurskoðun og könnun reikningsskila*, er að finna
almenna umfjöllun um skaðabótaábyrgð endurskoðenda í tengslum við endurskoðun og könnun á reikningsskilum.

dóminum má ráða að hvorki samrunagögnin né frekari upplýsingar um aðkomu skattalögfræðinganna hafi legið fyrir í málinu. Endurskoðunarfélagið neitaði því að hafa veitt ráðgjöf eða aðstoð við val á aðferð við samruna.

Í málinu var sannað að annað endurskoðunarfélag hafði endurskoðað ársreikning félagsins fyrir árið 2005 og gert skattframtal vegna þess rekstrarárs. Hið stefnda endurskoðunarfélag hafði hins vegar endurskoðað ársreikning fyrir árið 2006 og gert skattframtal fyrir það rekstrarár.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að gegn neitun endurskoðunarfélagsins hafi félaginu ekki tekist að sanna að endurskoðunarfélagið hafi veitt ráðgjöf við val á samrunanum. Var því talið að skaðbótaábyrgð yrði ekki reist á fyrri málsástæðunni.

Um seinni málsástæðuna kemur fram í dómi Hæstaréttar að þótt endurskoðunarfélagið hefði gert skattframtal fyrir rekstrarárið 2006 þá hefði það verið reist á ársreikningi sem félagið hafði gert og væri á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins. Þá var ekki talið, að með ráðningabréfi sem gert var þegar endurskoðunarfélagið tók yfir endurskoðun félagsins, hefði endurskoðunarfélagið tekið að sér ráðgjöf eða vinnu við gerð skattframtalsins sem raskaði ábyrgð stjórnendanna.

Niðurstöður málsins ultu á sönnunarstöðu. Niðurstæða Hæstaréttar var sú að félaginu hefði ekki tekist að sanna að endurskoðunarfélagið hefði tekið að sér þá ráðgjöf og verk sem málsástæður félagsins beindust að. Athygli vekur að Hæstiréttur virtist ekki slaka á sönnunarkröfum í málinu. Ástæða þess er væntanlega sú að ekki hafi verið færðar líkur fyrir því að endurskoðunarfélagið hefði tekið að sér verkefnið. Þá benti dómurinn á að tilteknir aðilar hefðu ekki verið leiddir fram sem vitni um atvik og eins að skjöl sem tengdust samrunanum og ráðgjöfinni hefðu ekki verið lögð fram af hálfu félagsins. Má gera því skóna að dómurinn hafi talið að félagið hefði mátt ganga lengra í sönnunarfærslunni að þessu leyti. Þá kann að hafa skipt máli um niðurstöðuna að annað endurskoðunarfélag gerði skattframtal fyrir rekstrarárið 2005.

Af dóminum má ráða að mikilvægt sé fyrir endurskoðendur, og raunar einnig aðila sem kaupa þjónustu þeirra, að verkefni sem sérfræðingum eru falin séu vel skilgreind. Er þetta sérstaklega mikilvægt fyrir sérfræðingana þar viðsemjandinn kann að hafa óljósari hugmyndir um umfang þeirrar þjónustu sem veitt er. Í einhverjum tilvikum kann að vera slakað á sönnunarkröfum að þessu leyti á kostnað sérfræðingsins.

Dómurinn fjallar í sjálfu sér ekki um efnisþátt málsins þ.e. hvort röng ráðgjöf um að fara þessa leið við samruna og færslu fjármagnskostnaðar til gjalda feli í sér sök. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar um skattskylduna hefur nokkuð afdráttarlaust verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé heimilt að færa þennan kostnað til gjalda. Má gera ráð fyrir því að almennt verði slík röng lagatúlkun í ráðgjöf talin til sakar sem leiða kunni til skaðabótaábyrgðar.

Flókið lagaumhverfi leiðir oft til lagalegrar óvissu og þá er hætt við að sambærileg mál hljóti mismunandi niðurstöðu fyrir dómstólum. Við slíkar aðstæður getur verið erfitt að áætla hvernig dómstólar koma til með að túlka ákveðnar lagareglur. Sérfræðingar sem veita ráðgjöf þurfa að gera viðskiptamönnum grein fyrir slíkri áhættu sem kann að felast í mismunandi á túlkunum á reglum. Þá er nauðsynlegt að tryggja sér sönnun fyrir þeirri ráðgjöf. Ef viðskiptamaðurinn er nægjanlega upplýstur liggur viðskiptaleg áhætta hjá honum. Á þetta ekki síst við í skattamálum þar sem takast á sjónarmið um að lágmarka skattskyldu fyrirtækja innan ramma skattalaga annars vegar og hins vegar almennt stranga afstöðu dómstóla til slíkra mála. Dómaframkvæmd sýnir að dómstólar ganga mjög langt í því að takmarka möguleika á skattalegri „hagræðingu“.

Vinnulyftumálið

Í seinna málinu var deilt um ábyrgð endurskoðunarfélags vegna ráðgjafar og milligöngu um kaup á félagi og aðkomu að samruna félaga sem komu að kaupunum. Skaðabótakrafa var gerð á hendur endurskoðunarfélaginu, félögum sem tengdust því og tveimur starfsmönnum þess.

Atvik málsins voru þau að starfsmenn endurskoðunarfélags höfðu tekið að sér aðstoð við kaupendur við kaup á tveimur félögum. Nýtt einkahlutafélag sem starfsmenn endurskoðunarfélagsins höfðu sett á stofn gerðu tilboð í hlutfé tveggja félaga. Samkvæmt kaupsamningi sem gerður var um kaupin skyldi einungis hluti kaupverðsins greiddur við afhendingu hlutanna en eftirstöðvar kaupverðsins skyldu að hluta greiddar eftir níu mánuði frá afhendingu og að hluta með skuldabréfi til þriggja ára. Engar tryggingar voru gefnar út fyrir greiðslum á eftirstöðvum kaupverðsins. Seljandanum var hins vegar gert að leggja fram veðtryggingu í fasteign fyrir hugsanlegum kröfum sem kynnu að falla á félögin m.a. vegna hugsanlegra skattakrafna.

Eftir kaupin var félagið sem keypti hlutina sameinað öðru hinna keyptu félaga. Í tengslum við þann samruna gaf starfsmaður endurskoðunarfélagsins út yfirlýsingu þar sem sagði „*Ekki verður séð að sameining félaganna komi til með að rýra verulega möguleika lánardrottna á fullnustu krafna í hverju félagi um sig.*“

Hið sameinaða félag var síðar úrskurðað gjaldþrota og seljandinn fékk ekki greiddar eftirstöðvar kaupsverðsins.

Seljandi félagsins gerði kröfu um að endurskoðunarfélagið, tilteknir starfsmenn þess og tengd félög greiddu honum skaðabætur sem námu eftirstöðum kaupverðsins sem ekki fengust greiddar. Bygðði hann kröfur sínar m.a. á því að starfsmenn endurskoðunarfélagsins hefðu sýnt af sér vanrækslu við gerð kaupsamninganna og ekki gætt að hagsmunum seljandans eins og skyldi. Þá var einnig byggt á því að yfirlýsing endurskoðandans um stöðu lánardrottna við samrunann hefði ekki verið rétt og að það hefði ekki mátt sameina félögin nema með



því að gera upp kröfur lánadrottna eða leggja fram tryggingu fyrir þeim.

Hæstiréttur benti á að skv. 1. mgr. 1. gr. þágildandi laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa hefðu þeir einir sem hefðu löggildingu til þeirra starfa mátt hafa milligöngu um sölu á fyrirtækjum eins og um var að ræða í málinu. Endurskoðunarfélagið byggði á því að það hefði eingöngu tekið að sér vinnu fyrir kaupendur og átt að gæta hagsmuna þeirra en ekki seljandans. Einn starfsmanna endurskoðunarfélagsins hafði slíka löggildingu. Sá aðili sagðist lítið hafa komið nálægt viðskiptunum, en fyrir lá að annar starfsmaður endurskoðunarfélagsins hafði aðstoðað kaupendurna við verkið og skjalagerðina. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að verkefnin sem starfsmenn endurskoðunarfélagsins unnu hefði í raun verið milliganga um fyrirtækjakaup. Taldi dómurinn þar engu skipta þótt sá starfsmaður sem hafði löggildingu til starfans hefði ekki unnið þau heldur aðrir starfsmenn endurskoðunarfélagsins. Dómstóllinn byggði á því að þar sem þeir höfðu í raun á hendi milligöngu skv. 5. gr. laganna hefði þeim borið að liðsinna bæði seljanda og kaupanda og gæta réttmætra hagsmuna beggja aðila í samræmi við viðskiptavenjur.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að starfsmenn endurskoðunarfélagsins hefðu ekki sinnt þessari skyldu. Var m.a. vísað til þess að seljandi hefði ekki fengið neinar tryggingar fyrir greiðslum á eftirstöðvum kaupverðsins og sérstaklega í ljósi þess að fasteign, sem annað hinna keyptu félaga átti, var veðsett banka til að fjármagna útborgun á kaupverðinu. Taldi dómurinn að með þessu hefði verið raskað mjög jafnvægi milli réttinda og skyldna kaupanda og seljanda. Nauðsynlegt hefði verið fyrir milligöngumanninn að gera seljandanum grein fyrir þeirri stórfelldu áhættu sem hann bar af viðskiptunum og ráða honum eindregið frá því að ganga til þeirra.

Dómurinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að yfirlýsing endurskoðandans um stöðu lánadrottna við hinn öfuga samruna félaganna hefði verið röng. Taldi dómurinn það með engu móti geta staðist að sameiningin hefði ekki skert möguleika lánadrottna til þess að fá fullnustu krafna sinna, heldur hefði hættan á því þvert á móti verið stórfelld. Benti dómurinn á að hefði endurskoðandinn gefið rétta yfirlýsingu þá hefði verið nauðsynlegt að vekja athygli lánadrottna á því að samruninn rýrði möguleika á endurheimtum og þannig gefið þeim kost á að sækja sér greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu við samrunann.

Rétt er að geta þess hér að dómurinn lagði þriðjung sakar á tjónspólann í málinu á þeim grundvelli að hann hefði átt að gæta betur að hagsmunum sínum enda hafði hann áralanga reynslu af viðskiptum.

Dómur þessi er athyglisverður fyrir margra hluta sakir þegar kemur að ábyrgð sérfræðinga. Það er alveg ljóst af forsendum dómsins að það eru gerðar strangar kröfur til sérfræðinganna um að þeir sýni mikla aðgæslu í sínum störfum og gæti hlutlægni í þeim. Þótt í þessu sérstaka tilviki hafi reglur laga um milligöngu við fyrirtækjasölu átt sérstaklega við má fastlega gera ráð fyrir því að skyldur verði lagðar á sérfræðinga um hlutlægni þótt þeir séu fyrst og fremst að vinna fyrir annan aðilann.

Niðurstaða

Í upphafi greinar minnar um ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun og könnun á reikningsskilum, sem vitnað var til neðanmáls hér að framan, minnti ég á orð Sigurðar H. Pálssonar endurskoðanda sem hann skrifaði árið 1982:


„Endurskoðendur verða að gera sér ljóst að þeir verða að vera reiðubúnir að axla verulega ábyrgð, ef þeir vilja, að stéttin hafi þann tilgang, sem löggjafinn og almenningur ætlast til“.⁴

Niðurstaðan úr þeim greinarskrifum var sú að mikil ábyrgð væri lögð á herðar endurskoðendum í störfum við endurskoðun og könnun reikningsskila, sérstaklega í ljósi þeirra flóknu reglna sem þeir þyrftu að vinna með, bæði að því er snýr að reikningsskilastöðlum og einnig er við kemur endurskoðunarstöðlum. Það er satt best að segja ekki öfundsverð staða.

Það er ljóst að þegar kemur að öðrum störfum, hvort sem það er skattráðgjöf, ráðgjöf um samruna eða vegna fyrirtækjakaupa, verða að sama skapi gerðar strangar kröfur til endurskoðenda um vönduð vinnubrögð. Að samræma það sífellt vaxandi kröfum um hraða og hagkvæmni er erfitt en nauðsynlegt. Á það verður að leggja áherslu til þess að takamarka hættu á því að ábyrgð verði felld á mann vegna sérfræðistarfa.

Jóhannes Sigurðsson

4. Sigurður H. Pálsson, Áritanir og ábyrgð endurskoðenda, Tímarit um endurskoðun og reikningshald, 1. tbl. 1982, bls. 15. Þetta hafa reynst orð að sönnu eins og dómur sem hafa fjallað refsíábyrgð endurskoðanda hafa sýnt. Sjá hér dóma Hæstaréttar í málum nr. 286/1990 (Vinnufatabúðin), nr. 19/1991 (Hafskip), nr. 490/1991 (Ávöxtun), nr. 23/1996 (Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins) og nr. 509/2004 (Tryggingarsjóður lækna).



Vangaveltur um Reikningsskilaráð

Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi og

Helgi Einar Karlsson, verkefnastjóri - bæði hjá Deloitte

Árið 1991 var sérstakt reikningsskilaráð sett á laggirnar með breytingum á lögum um bókhald. Ráðinu var ætlað að stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna, sem farið skyldi eftir við gerð reikningsskila sem og að gefa álit á því hvað teldist til góðrar reikningsskilavenju á hverjum tíma.

Árið 1994 komu svo út lög um ársreikninga og var í þeim að finna vísan til reikningsskilaráðsins. Helsta ástæða þess að reikningsskilaráð var stofnað var sú að það þótti vanta aðila sem hafði vald til þess að setja fram álit um góða reikningsskilavenju þar sem löggjöfin skyldi eftir töluvert svigrúm til túlkunar við gerð reikningsskila. Auknar leiðbeiningar reikningsskilaráðs áttu því að stuðla að meiri samræmingu í reikningshaldslagri meðferð, sem myndi auka notagildi reikningsskila fyrir hagsmunaaðila þeirra.

Reikningsskilaráð var starfandi frá árinu 1991 til ársins 2003 (engar heimildir um starfsemi þess eftir þann tíma fundust við skrifin), en þrátt fyrir það er enn að finna vísun til þess í lögum um ársreikninga frá 17. janúar 2006 (nr. 3/2006) og kemur þar skýrt fram í 118. gr. að ráðherra skuli skipa í það. Samkvæmt 119. gr. er hlutverk reikningsskilaráðs einnig óbreytt frá upphaflegri stofnun þess. Í tíð sinni gaf reikningsskilaráð út fimm leiðbeinandi reglur um reikningshaldslega meðferð og eru þær taldar hér upp í röð: Regla 1 fjallar um grundvöll reikningsskila, regla 2 um birgðir, regla 3 um sjóðstreymi, regla 4 um tekjuskatt og regla 5 um reglulega og óreglulega rekstrarliði.

Í 11. tl. 2. gr. í lögum um ársreikninga eru settar reikningsskilarreglur skilgreindar á eftirfarandi hátt:

„reglur sem reikningsskilaráð gefur út, sbr. 119. gr., og alþjóðlegir reikningsskilaráðsáttakir, sbr. 12. tölul.“

Í 5. gr. sömu laga er vísað til þess að útbúa skuli ársreikninga í samræmi við lögin, viðeigandi reglugerðir og settar reikningsskilarreglur. Hvergi kemur þó fram í lögnum hvort taki hinu fram, reglur reikningsskilaráðs eða alþjóðlegir reikningsskilaráttakir. Alþjóðlegir reikningsskilaráttakir eru í sífelldri þróun og hafa tekið einhverjum breytingum frá útgáfu reglna reikningsskilaráðs. Einmitt og ekki síst vegna þess þá greinir alþjóðlega reikningsskilaráttakir á við reglur reikningsskilaráðs um reikningshaldslega meðferð í einhverjum tilfellum. Dæmi um slíkt er að samkvæmt reglu reikningsskilaráðs nr. 2 um birgðir er heimilt að eignfæra gengismun í birgðum. Alþjóðlegur reikningsskilaráttakir IAS 2 heimilar það hinsvegar ekki. Annað dæmi er framsetning óreglulegra rekstrarliða, en samkvæmt reglu

reikningsskilaráðs nr. 5 skal sérgreina slíka liði í „kjallara“ rekstrarreiknings. Slík framsetning er hinsvegar ekki heimil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilaráttakir IAS 1. Því er óljóst hvort regluverkið eigi að styðjast við þegar þau greinir á hvort við annað. Það er ljóst að nefndarmenn tóku mið af alþjóðlegum reikningsskilarreglum við mótun þeirra reglna sem ráðið gaf út, en sökum þess að lítil eða engin starfsemi hefur verið hjá ráðinu síðan 2003, þá hefur enginn samræming átt sér stað við breytingar á alþjóðlegum stöðlum.

Eins og fram kemur hér að ofan þá skipar ráðherra (iðnaðar- og viðskiptaráðherra) reikningsskilaráð, en í því eiga að sitja fimm sérfróðir menn. Félag löggiltra endurskoðanda, samstarfsnefnd háskólastigsins og Viðskiptaráð Íslands tilnefna hvert um sig einn nefndarmann, en ríkisendurskoðandi skipar þann fjórða ásamt því að ráðherra skipar einn nefndarmann án tilnefningar. Þá skipar ráðherra formann úr hópi nefndarmanna. Reikningsskilaráð hefur ekki starfað svo vitað sé frá árinu 2003 þegar þáverandi formaður ráðsins sagði sig frá því. Ástæðu fyrir uppsögn sinni sagði formaðurinn vera óánægju með stefnu stjórnvalda varðandi endurskoðun á lögum um ársreikninga. Formaðurinn taldi að athugasemdir reikningsskilaráðs þar að lútandi hefðu verið hunsaðar í fjármálaráðuneytinu. Það er bagalegt að allar götur frá því að reikningsskilaráð lagðist í dvala hefur verið vísað til þess í lögum sem regluasetjandi aðila. Það er einnig bagalegt með tilliti til vísunar úr lögum í reglur ráðsins hversu óaðgengileg öll útgáfa ráðsins frá þeim tíma sem það starfaði er í dag. Grundvöllur þess að hlutaðeigandi aðilar geti farið að settum lögum og reglum er að viðkomandi lög og reglur séu þeim aðgengilegar. Höfundar þessarar greinar gátu ekki með góðu móti fundið nema tvær af reglum reikningsskilaráðs á netinu, og hvergi vísan til þess hvar sé hægt að nálgast hinar. Nýlega voru birt á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis drög að frumvarpi að breytingum á lögum um ársreikninga þar sem er að finna samskonar vísun til reikningsskilaráðs og er að finna í núverandi lögum sem og að í fjárlögum 2016 kemur fram að næstu tvö ár verði samtals 10 milljónum varið til reikningsskilaráðs. Það hlýtur því að vera ætluð löggjafans að endurreisa reikningsskilaráð. Eðlilegt er þó að velta fyrir sér hvort ekki væri réttara að leggja það niður og vísa til alþjóðlegra reikningsskilaráttakir þegar þær leiðbeiningar sem fram koma í lögnum teljast ekki fullnægjandi. Eins og horfir við í dag virðist það þó ekki vera ætluð og þó að naumt sé skammtað er ljóst að þeim sem veljast til starfans bíður ærið verkefni.

Signý Magnúsdóttir og Helgi Einar Karlsson



Flýting álagningar opinberra gjalda

Skúli Eggert Þórðarson er ríkisskattstjóri

Meginfyrirkomulag síðustu ára

Álagning opinberra gjalda einstaklinga og lögaðila ár hvert hefur verið í tiltölulega föstum skorðum undanfarin ár. Á það m.a. við um birtingu álagningar en hún hefur verið með þeim hætti síðasta hálfan annan áratug að einstaklingar sem staðið hafa skil á skattframtali hafa fengið niðurstöðu álagningar í lok júlí og framtaldir lögaðilar í lok október ár hvert. Hvor hópur fyrir sig fær niðurstöðuna í einu lagi á einum og sama tíma, svo framarlega sem skattframtali ásamt viðeigandi fylgiskjölum hafi verið skilað. Þeir sem ekki hafa staðið skil á skattframtali innan tímamarka skilatíma og hafa sætt áætlun skattstofna við álagninguna sjálfa en skila skattframtali síðar fá raunálagningu með kæruúrskurði eða eftir atvikum sem afgreiðslu á erindi. Loks er sá hópur sem aldrei skilar framtali og sætir áætlun opinberra gjalda við álagningu sem stendur óbreytt án leiðréttingar um ókomin ár. Allt hljómar þetta kunnuglega fyrir endurskoðendum og öðrum þeim sem atvinnu hafa af framtalsgerð þar sem vinnulag og vinnuskipulag á álagningartíma hefur skipt miklu máli.

Breytingar í augsýn

Álagning hefur fyrir fagaðila í framtalsskilum verið eins og fastur þáttur í tilverunni og að þessu hefur verið gengið ár hvert og ugglaust finnst einhverjum að þetta sé eitthvað sem alltaf hafi verið - og breytingar þar á séu fjarlægjar. Álagning lögaðila hefur þó ekki verið svo lengi aðskilin frá birtingartíma álagningar einstaklinga, en síðar í greinarkorni þessu verður vikið að því. Á þessu verður eins og öðru breytingar eftir því sem þróun og þarfir þjóðfélagsins krefjast – álagningin og fyrirkomulag hennar er einn þeirra verkþátta skattframtalsskipulagsinnar sem taka mun breytingum eins og annað. Þar þarf að horfa til markmiðs og tilgangs álagningar opinberra gjalda ár hvert, þar sem ekki einungis ákvörðunin um hve mikið hver skattaðili skuli greiða í opinber gjöld skiptir máli, heldur einnig hvornig tekjur, gjöld, eignir og velta í samfélaginu þróast og skiptist milli atvinnugreina og innan fyrirfram skilgreindra hópa. Endurmat á framkvæmdinni er nú á döfni hvað varðar álagningartímamann og fyrstu breytingar þar á koma til framkvæmda þegar á þessu ári. Að öllum líkindum er stutt í að næstu skref verði stigin.

Almennt má um skattframtalsskilum segja að hún hafi á undanförunum árum gengið í gegnum mikla endurnýjun þar sem flest hefur verið tekið til endurmats og í kjölfar þess hafa orðið breytingar á verklagi bæði hjá starfsmönnum skattfirvalda og þeim sem sýsla við gerð skattframtala og forsendna þeirra. Þannig fer óðum að styttest í að tímamörk álagningar verði

einnig sá þáttur skattframtalsskipulagsinnar sem taka mun breytingum og það jafnvel umtalsvert. Rétt er þó áður en lengra verður haldið að horfa til liðins tíma og rifja upp hvornig mál hafa þróast í tímanna rás. Þar er ágætt að hafa hugfast að margt á sér sögulegar skýringar og alltaf eru ástæður á öllum tímum fyrir einstökum ákvörðunum sem oft standa og sæta ekki breytingum – stundum af því að enginn veit forsendur þeirra.

Eldra fyrirkomulag

Þeir sem eldri eru í endurskoðendastétt minnst ugglaust flestir dagsetninganna 19. og 31. janúar en þeir dagar voru lykildagsetningar árum saman hjá skattfirvöldum og almennungi öllum. Fyrri dagurinn var síðasti skiladagur launamiða. Í auglýsingum þess tíma var brýnt fyrir launagreiðendum að skila gögnum í síðasta lagi þann dag en ekki síður að skrá samviskusamlega nafnúmer launamanns - sem þá var notað sem auðkenni - á alla launamiða. Verkefni margra endurskoðenda- og bókhaldsstofa á þessum árstíma var þannig að liðsinna launagreiðendum og stemma þetta tímanlega af svo unnt væri að skila gögnum á réttum tíma. Síðari dagsetningin var enn afdráttarlausari. Þann dag var skilafrestur skattframtala manna í áratugi eða allt til ársins 1980 þegar áhrifa laga nr. 40/1978 tók að gæta í skattframtalsskilum. Miklar annir voru við að aðstoða einstaklinga við framtalsskil og „vertíðin“ sem svo var iðulega nefnd, var mikil og þetta var krefjandi tími hjá endurskoðendum og öðrum aðilum sem höfðu framtalsskil og uppgjör að aðalstarfi. Á þessum árum fór öll álagning opinberra gjalda fram á sama tíma, þ.e. bæði á menn og lögaðila og var 31. júlí ár hvert. Kæruafgreiðslan hófst síðan fljótlega og hún tók oft á tíðum langan tíma og í einstaka tilfellum nokkur ár og gat verið mismunandi eftir skattumdæmum. Einnig hefur verið heimild til að senda inn skatterindi, þ.e. þeir sem misstu af því að senda inn framtöl á réttum tíma og einnig í kærufresti gafst kostur á að óska eftir breytingum á álagningu opinberra gjalda eða breytingum á einstökum liðum framtals þótt kærufrestur væri liðinn. Slík heimild hefur verið í lögum áratugum saman. Afgreiðsla skatterinda gat reyndar á stundum tekið langan tíma og ekki var óalgengt að afgreiðslunnar væri beðið uppundir eitt ár og stundum meira en það. Með skattlagabreytingunum sem urðu með lögum nr. 40/1978 jókst mjög erindafjöldinn og afgreiðslutíminn gat þannig lengst. Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á það af hálfu ríkisskattstjóra, einkum eftir að öll staðbundin skattstjóraembætti voru lögð niður og verkefni felld undir ríkisskattstjóra, að stytta úrskurðatíma verulega og sömuleiðis afgreiðslutíma skatterinda. Hefur þetta tekist í flestum tilfellum og árangurinn hefur farið batnandi. Þær breyt-

ingar hafa þó ekki verið jafn auðframtæklegar og flestir höfðu talið. Stytting vinnslutíma hefur þó náð fram að ganga með því að breyta verkferlum, taka upp nýja tækni, endurmeta vinnubrögð og þannig hefur smám saman mótast skilningur á því að leggja meiri áherslu á þjónustuhlutverk ríkisskattstjóra í þessu samhengi. Í flestum tilfellum hefur á síðustu árum tekist að halda afgreiðslutíma kæra innan þeirra marka sem skattfyrvöldum er ætlaður til slíkrar embættisfærslu.

Upplýsingar úr framtölum vegna hagstjórnar - tilefni breytinga Víkur nú að þeim breytingum sem framundan eru og hvert sé tilefni þeirra. Upplýsingar úr skattframtölum bæði einstaklinga og lögaðila, eru að verða mikilvæg gögn í almennri hagstjórn. Skattframtöl veita marktækar upplýsingar um það hvernig ástandið er í samfélaginu og hver sé þróun eigna, tekna og gjalda. Upplýsingarnar sem framtölin hafa að geyma eru eftirsóttar og þar til bærir aðilar bíða með óþreyju eftir þeim til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Það verður að játast að í ljósi þess hve efnahagslífið á Íslandi hefur verið kvikt á undanförunum árum er mun meira horft til þeirra upplýsinga sem fást úr skattframtölum heldur en áður var og jafnframt eru miklar óskir um að upplýsingar séu afhentar fljótt og í tilteknu formi en vitaskuld án þess að þær séu persónugreinanlegar. Þetta hefur kallað á að fram hefur farið athugun á því hvort unnt sé að flýta álagningu opinberra gjalda á einstaklinga og lögaðila. Hagstjórnin í landinu yrði án efa nákvæmari ef unnt væri að ljúka álagningu framtala einstaklinga og lögaðila fyrr en verið hefur. Ýmis ljón eru á þeim vegi og hefur þurft að fjalla ítarlega um það hvernig unnt sé að takast á við þau álitamál sem komið hafa upp. Til fróðleiks í þessu samhengi má einnig geta þess að auk þeirra sem eiga lagalegan rétt á upplýsingum úr framtölum eru ýmsir aðrir sem leita ár hvert til ríkisskattstjóra til að falast eftir upplýsingum og það jafnvel þótt lagaforsendur séu ekki til staðar. Ríkisskattstjóri hefur dregið þar skarpa línu og aðeins þeir aðilar sem lagaheimild hafa fá umbeðinn aðgang að upplýsingum.

Upplýsingar úr skattframtölum einstaklinga hafa einnig verið sendar til ákveðinna stofnana, þar á meðal Tryggingastofnunar og Vinnumálastofnunar til að tryggja að ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda um úthlutun bóta sé í samræmi við gildandi lög þar að lútandi. Fyrir þessu liggja skýr lagafyrirmæli eða eftir atvikum samþykki hlutaðeigandi bótaþega þar sem tekjur annars staðar frá skipta máli í hverju einstöku tilfelli viðeigandi bótaþega. Fyrirnefndar stofnanir hafa á grundvelli skattupplýsinga endurreiknað ákvarðaðar bætur og ýmist fært til lækkunar eða hækkunar fyrri ákvörðun sinni. Þetta hefur síðan haft þau áhrif að taka hefur þurft upp framtöl sömu einstaklinga sem hafa sætt endurreikningi bóta og hækka eða lækka ákvarðaðar skattgreiðslur í samræmi við endanlega ákvörðun bóta. Fjöldi þeirra sem eiga í hlut hjá Tryggingastofnun ríkisins og hafa á undanförunum árum þurft að sæta endurreikningi hefur verið mikill, jafnvel allt að 70% bótaþega hefur átt þar hlut að máli. Ríkisskattstjóri hefur talið þetta fyrirkomulag afar óheppilegt og verið væri að raska framtalsskilum viðskiptavina Tryggingastofnunar að óþörfu auk þess sem verið væri

að leggja í mikla vinnu og ástæðulausan tvíverknad sem unnt væri að komast hjá. Ríkisskattstjóri hefur því í samstarfi við Tryggingastofnun unnið að því að færa stóran hluta þessara leiðréttu upplýsinga inn á framtöl áður en álagningu hefur verið lokið til að forðast að valda viðskiptavinum stofnananna óþægindum vegna þessa.

Hugmyndir um flýtingu álagningar

Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að færa álagningu einstaklinga frammar svo hjá því sé komist að tilkynna um niðurstöðu álagningar á helsta sumarleyfistíma landsmanna. Ríkisskattstjóri hefur á undanförunum árum staðið fyrir mestu byltingu í opinberri stjórnsýslu hér á landi með því annars vegar að rafvæða framtalsskil og hins vegar að búa skattframtöl þannig úr garði að á þau sé búið að færa allar upplýsingar sem skattfyrvöldum eru send á grundvelli 92. gr. tekjuskattslaga. Með því að auka áritun upplýsinga inn á framtöl hefur tekist að ganga svo langt að helmingur framtala er tilbúinn fyrir framteljandann, með öllum launaupplýsingum, fasteignamat, ökutækjæign, innstæðum og skuldum auk ýmissa annarra upplýsinga. Allur þessi breytti háttur og þær framfarir sem orðið hafa við vinnslu framtala, þar sem flestir framteljendur geta séð bráðabirgðaútreikning álagningar um leið og framtali er skilað, hefur kallað á auknar umræður og vangaveltur hvort ekki sé unnt að ljúka álagningu einstaklinga fyrr.

Flýting álagningar er á hinn bóginn ýmsum erfiðleikum bundin þar sem álagning opinberra gjalda er samstarfsverkefni margra stofnana og ýmissa annarra aðila og er flókin tæknileg vinnsla. Þannig þarf að taka tillit til fjölda þátta hjá öllum sem að þessu verkefni koma. Eitt af því sem þyrfti að yfirvinna er að endurskipuleggja skattlagningu bótaþega og taka tillit til endurreiknings bóta. Það verklag sem verið hefur við lýði varðandi bótaþega Tryggingastofnunar hefur beinlínis hamað því að unnt væri að flýta álagningunni. Ríkisskattstjóri og Tryggingastofnun hafa á síðustu misserum sammælt um breytta vinnuferla sem gera það að verkum að unnt verður að stemma bótagreiðslur af fyrr og þannig verði forsendur álagningar að mestu leyti réttar þegar rafrænt skattframtal er opnað, svo sem fyrr var lýst. Viðskiptavinir beggja stofnana munu eiga töluvert auðveldara með framtalsskil sín í framtíðinni ef þær breytingar sem ríkisskattstjóri og Tryggingastofnun hafa í hyggju að hrinda í framkvæmd á næstu vikum, munu ganga eftir. Stendur til að færa endurreikning bóta frammar og er að því stefnt að við opnun á skattframtölum einstaklinga myndi endurreikningi verða lokið og árituð skattframtöl taka mið af þeim breytingum sem gerðar verða á skattskilum vegna endanlegrar ákvörðunar bótafjárhæða að endurreikningi loknum. Að þessu gefnu er ljóst að unnt var að færa álagninguna frammar og nú er niðurstaðan orðin sú að álagning opinberra gjalda á einstaklinga á árinu 2016 mun verða mánuði fyrr en verið hefur eða 30. júní 2016.

Ríkisskattstjóri hefur kannað möguleika þess að álagning verði „eftir hendinni“, þ.e. að álagning fari fram jöfnum höndum þegar skattframtölum er skilað en fari ekki fram á einum og sama tíma. Er sá háttur hafður á í nokkrum ríkjum Evrópu.



„Hvers vegna þarf ég að biða svona lengi eftir álagningunni?“ er algeng spurning meðan á framtalsfresti stendur. Slíkt fyrirkomulag er ótvírætt það framtíðarfyrirkomulag sem æskilegt er að stefna að. Breytingar af því tagi yrðu þó mjög krefjandi og þarfnast mikils undirbúnings og fjármagns. Mjög margir þyrftu að koma að slíku, breyta þyrfti lögum í grundvallaratriðum og taka á ýmsu sem hingað til hefur fylgt álagningu opinberra gjalda á einum tíma. Hvað tækni og tölvubúnað varðar er ljóst að hanna þyrfti ný tölvukerfi fyrir álagninguna frá grunni og m.a. tengja þau við innheimtukerfi ríkissjóðs. Mikill kostnaður yrði vegna þessa og enginn vafi er á að sá kostnaður myndi mælast í hundruðum milljóna – ef ekki milljörðum. Þegar af þeirri ástæðu verður það framtíðarfyrirkomulag að biða um sinn. Það er einnig ljóst að slíkt verkefni mun taka nokkur ár í undirbúningi, skipulagningu og prófun.

Áhrif flýtingar álagningar

Flýting álagningar jafnvel þótt ekki sé nema um mánuð að ræða, mun hafa ýmis fjölbætt áhrif. Ríkisskattstjóri hefur rætt þessar hugmyndir við fjölda aðila. Almennur vilji er til þess að færa álagninguna af sumarleyfistíma frammar í tíma og er það ástæða þess að ákveðið hefur verið að hrinda þessum breytingum í framkvæmd. Að mörgu þarf að hyggja við slíkt. Færa þarf skilafresti frammar bæði við skil á launamiðum og öðrum skattagögnum sem notuð eru til áritunar inn á skattframtöl en þar má nefna rafrænar upplýsingar um laun, hlutafé og arð, upplýsingar frá ýmsum opinberum aðilum um ökutækjæign, skipakost og fasteignamat húseigna. Hið sama á við um ýmsar fjárhagsupplýsingar frá fjármálafyrirtækjum, innstæður, vaxta-tekjur, skuldir og fleira.

Frestir til að skila framtölum (eða staðfesta þau ef framtalið er fullbúið) þurfa að breytast og almenningur og fagaðilar munu hafa skemmri tíma en áður til að ganga frá framtölum. Óhjákvæmilega mun það bæði eiga við um almenna fresti framteljenda til að skila og einnig framlengda fresti fagaðila. Síðast en ekki síst hefur ríkisskattstjóri nú skemmri tíma til að yfirfara framtöl og ganga úr skugga um réttmæti þeirra, undirbúa ófullkomin framtöl fyrir álagningu og ganga frá áætlunum skattstofna hjá þeim aðilum sem ekki hafa staðið skil á skattframtölum og ekki eru til nægjanlegar upplýsingar um til að útbúa skattframtal á grundvelli staðgreiðslu- og eignaupp-lysinga.

Allt þetta hefur eðli máls samkvæmt í för með sér að álagningu opinberra gjalda verður ekki flýtt nema frestir allra til hvers verkþáttar sé stytur. Framtalsfresturinn er einn veigamesti þáttur þessa og mun verða skemmri en hingað til hefur verið. Mestar áhyggjur eru af fagaðilum, einkum þeim sem hafa mörg framtöl á sinni könnu. Ekki er unnt að hafa fresti til þeirra jafnlanga og áður hefur verið – því miður.

Gjalddagar eftir álagningu verða sex í stað fimm en fyrirframgreiðslugjald dagar verða fjórir í stað fimm. Þá er mikilvæg breyting sem gerð var samhliða þessu sem er að tvöfalda lengd kærufrests eftir álagningu úr 30 dögum í 60 daga.

Í einhverjum tilfellum mun ekki takast að útbúa skattframtal í tíma og því ekki ósennilegt að flýting álagningar gæti fjölgað kærnum og kæruframtölum að einhverju marki. Eins og fyrri ár mun kapp verða lagt á að hraða afgreiðslu á kæruframtölum. Hin mikla lenging á kærufresti gæti í einhverjum tilvikum einnig stuðlað að fleiri kærnum en hugsanlega fækkað skatterindum á móti.

Álagning lögaðila

Tímamörk álagningar lögaðila og manna fylgdist að áratugum saman og voru hin sömu þ.e. 31. júlí ár hvert en hafði í árdaga verið í maí og júní. Á árinu 1993 hófst vinna við gerð svonefnds staðlaðs rekstrarframtals sem þá hafði staðið til í nokkur ár. Þegar slíku framtali var skilað í fyrsta skipti á árinu 1998 var tekin ákvörðun um að seinka framtalsskilunum til haustmánaða það ár á grundvelli bréfs ríkisskattstjóra hinn 26. maí 1998. Meginforsenda seinkunarinnar var að endurskoðendur töldu að byrjunaröðugleikar við innleiðingu staðlaðs rekstrarframtals gerði það að verkum að ekki myndi takast að skila skattframtölum lögaðila á sama tíma og verið hefði. Ári síðar voru enn erfiðleikar og þröng tímamörk gerðu það að verkum að aftur var ákveðið að fresta framtalsskilum lögaðila um sinn sem ríkisskattstjóri gerði með bréfi hinn 17. maí 1999. Smám saman festist þessi frestun í sessi og ríkisskattstjóri hefur ekki fært álagninguna til fyrra horfs þótt því hafi margsinnis verið hreyft við endurskoðendur og aðra fagaðila í ljósi tækniframfara og annars að til slíks gæti komið.

Lokaorð

Á síðustu árum hefur það komið æ skýrar í ljós svo sem fyrr hefur verið rakið að brýnt er að ljúka álagningu lögaðila fyrr, einkum hinna stærri enda verður að telja að megin niðurstöður í rekstraruppgjöri langflestra stærri lögaðila liggja fyrir löngu áður en álagning fer fram. Ríkisskattstjóri hefur því á undanförunum tveimur árum rætt þá möguleika við stjórn og starfsmenn FLE að endurmeta skilafresti á lögaðilaframtölum með það fyrir augum að álagningu þeirra ljúki fyrr en verið hefur. Ekkert hefur verið endanlega afráðið þegar þetta er ritað í janúarbyrjun 2016 en fyrirsjáanlegt er að breytingar séu óhjákvæmilegar á næstu misserum. Við slíkar breytingar mun ríkisskattstjóri kappkosta að eiga gott samstarf við endurskoðendur til að unnt verði að ná samkomulagi um það með hvaða hætti endurskoðendur og skattyfirvöld geta mætt kröfum um að upplýsingar úr skattframtölum verði aðgengilegar í hagstjórnarskyni fyrr en verið hefur. Æskilegast er að breyta vinnufyrirkomulagi við uppgjör á stærstu fyrirtækjunum þannig að unnt verði að ljúka framtalsskilum um leið og ársreikningur er saminn og samþykktur af stjórn og aðalfundi eða með öðrum hætti. Framundan eru nú stefnumarkandi viðræður á milli ríkisskattstjóra og endurskoðenda til að leita leiða með hvaða hætti unnt verði að koma breytingum í framkvæmd í sæmilegri sátt manna á milli.

Skúli Eggert Þórðarson

Golfannáll endurskoðenda sumarið 2015

Auðunn Guðjónsson er endurskoðandi hjá KPMG

GOLF

Sumarið 2015 var einn viðburður á vegum okkar sem höfum staðið fyrir mótahaldi endurskoðenda í golfi. Meistaramót FLE í golfi fór fram á Hlíðavelli í Mosfellsbæ að morgni föstudagsins 4. september 2015. Þetta var í þrítugasta og fjórða sinn sem mótið er haldið.

Að þessu sinni mættu 14 kylfingar til leiks, allt karlmenn, sem léku golf við ágætar aðstæður og í góðu veðri í Mosfellsbænum. Undanfarin ár hafa ávallt nokkrar konur úr stéttinni tekið þátt, en ekki í þetta skiptið.

Leikfyrirkomulagið var eins og áður höggleikur með og án forgjafar og var nú keppt í þremur flokkum, í yngri flokki karla með forgjöf, í flokki karla 55 ára og eldri með forgjöf og svo í opnum flokki án forgjafar. Keppnin var æsispennandi en helstu úrslit voru eftirfarandi:

Höggleikur karla (yngri flokkur) með forgjöf (5 þátttakendur)

Sveinbjörn Sveinbjörnsson	73 högg nettó
Auðunn Guðjónsson	75 högg nettó
Kristófer Ómarsson	77 högg nettó

Höggleikur karla (eldri flokkur) með forgjöf (9 þátttakendur)

Ragnar Gíslason	75 högg nettó
Gunnar Hjaltalín	75 högg nettó
Ragnar Bogason	76 högg nettó

Höggleikur án forgjafar (opinn flokkur)

Ragnar Gíslason	81 högg
Kristófer Ómarsson	85 högg
Ragnar Bogason	87 högg

Sá keppandi sem er með lægsta skor með forgjöf fær farandbikar. Þetta árið var það Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem var með lægsta nettóskor (73 högg) og er hann því Golfmeistari FLE árið 2015. Að þessu sinni voru úrslit tilkynnt og Golfmeistari FLE útnefndur á Gleðistund FLE sem haldin var síðdegis þann sama dag og meistaramótið fór fram. Þótti það fyrirkomulag fara vel.

Umsjónarmenn þakka þeim sem þátt tóku og vonast til að áfram verði staðið að mótahaldi innan stéttarinnar og að kylfingar taki þátt.

Auðunn Guðjónsson



Golfeinvaldurinn.



Golfbikar FLE.



Sveinbjörn vann farandbikarinn að þessu sinni.



Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2015 - 2016



Félagsstjórn FLE frá vinstri: Margrét Pétursdóttir formaður, H. Ágúst Jóhannesson varaformaður, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Ljósbrá Baldursdóttir og Guðni Þór Gunnarsson.

Álitsnefnd FLE: Margrét Pétursdóttir formaður, H. Ágúst Jóhannesson, J. Sturla Jónsson, Sigurður Páll Hauksson, Þórir Ólafsson og Ómar Björnsson varamaður.

Endurskoðunarnefnd FLE: Áslaug Rós Guðmundsdóttir formaður, Elín Hanna Pétursdóttir, Helga Hjalmrós Bjarnadóttir og Birna María Sigurðardóttir.

Gæðanefnd FLE: Hólmsteinn Halldórsson formaður, Kristinn Kristjánsson, Arnar Þorkelsson og Jóhann Óskar Haraldsson.

Menntunarnefnd FLE: Jón Þór Hallsson formaður, Íris Ólafsdóttir, Geir Steindórsson og Hjördís Ýr Ólafsdóttir.

Reikningsskilanefnd FLE: Unnar Friðrik Pálsson formaður, Jón Arnar Baldurs, Signý Magnúsdóttir og Hulda Sigurbjörnsdóttir.

Skattanefnd FLE: Sigríður Ármannsdóttir formaður, R. Dofri Pétursson, Benóní Torfi Eggertsson og Sighvatur Halldórsson.

Til hamingju með afmælið - árið 2016

Jón Kristinn Lárusson	26.05.86	30	Ása Kristbjörg Karlsdóttir	01.09.56	60
Birgir Hákon Valdimarsson	02.04.76	40	Bjarki Júlíusson	30.04.56	60
Guðmundur Örn Árnason	13.05.76	40	Einar Hafliði Einarsson	20.10.56	60
Halldór Gunnlaugsson	26.09.76	40	Elín Jónsdóttir	04.06.56	60
Hjörtur Bjarki Halldórsson	23.02.76	40	Hjördís Ásberg	22.11.56	60
Ingunn H. Hauksdóttir	01.02.76	40	Hörður Gunnarsson	02.10.56	60
Jóhann Geir Harðarson	02.04.76	40	Ragnar Gíslason	06.01.56	60
Kristbjörg Huld Kristbergsdóttir	14.05.76	40	Ragnar Jóhann Jónsson	10.12.56	60
Magnús Jónsson	13.09.76	40	Sigurður Jónsson	29.02.56	60
Sigurður Stefánsson	16.09.76	40	Sigurður Pálmi Sigurðsson	24.04.56	60
Þorsteinn Pétur Guðjónsson	09.11.76	40	Guðmundur R. Óskarsson	15.01.46	70
Auðunn Guðjónsson	20.10.66	50	Gunnar Hjaltalín	08.06.46	70
Björn Helgi Arason	23.03.66	50	Helgi Númason	17.09.46	70
Eymundur Sveinn Einarsson	08.11.66	50	Hreggviður G. Þorsteinsson	08.01.46	70
Hildur Árnadóttir	04.08.66	50	Ómar Kjartansson	22.08.46	70
Lúðvík Karl Tómasson	18.01.66	50	Stefán Svavarsson	02.04.46	70
Sigríður Söebeck	21.12.66	50	Victor Knútur Björnsson	18.09.46	70
Sigurður M. Jónsson	28.02.66	50	Guðmundur E. Erlendsson	13.01.36	80
Steingrímur Sigfússon	24.10.66	50	Helgi V. Jónsson	30.05.36	80
Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson	17.05.66	50			



Löggilding í fylkjum Bandaríkjanna

Birgir Finnbogason er endurskoðandi í Bandaríkjunum

Til þess að fá löggildingu sem endurskoðandi í Bandaríkjunum þarf að uppfylla menntunar- og starfsreynsluskilyrði auk þess að ná lágmarki í samræmdu löggildingarprófi (uniform exams) sem endurskoðendaráð (state boards) allra fylkja og aðildarfélaganna NASBA¹ sameinast um. Þar fyrir utan gera 35 endurskoðendaráð af 55 auknar kröfur um tiltekna starfsreynslu í endurskoðunarverkefnum og sérstakt próf um siðferði og siðareglur. Í reynd er ekki um það að ræða að vera „bandarískur löggiltur endurskoðandi“ frekar en að vera „evrópskur löggiltur endurskoðandi“. Menn öðlast löggildinguna sem endurskoðandi í tilteknu fylki og löggildingarskírteinið er gefið út af endurskoðendaráði (state board of accountancy) viðkomandi fylkis. Sem dæmi getur því endurskoðandi sem hefur löggildingarskírteini sem gefið er út af endurskoðendaráði Kaliforníufylkis ekki sjálfkrafa vottað reikningsskil fyrirtækis sem starfrækt er í öðru fylki.

Samræmd próf²

Þeir sem hyggjast taka samræmda löggildingarprófið þurfa að sækja um það í gegnum endurskoðendaráð einhvers af aðildarfélögum NASBA. Ég sótti um að taka það í gegnum endurskoðendaráð Kaliforníufylkis.³ Til þess að fá próftökurétt þarf að sýna fram á tveggja ára almenna starfsreynslu undir handleiðslu endurskoðanda og hafa 150 eininga menntun á svið endurskoðunar og reikningshalds. Fyrir þann sem ekki hefur hlotið menntun í gegnum viðurkennda menntastofnun í Bandaríkjunum þarf að fá mat frá aðila sem endurskoðendaráðið samþykkir fyrirfram til að yfirfara og meta menntun umsækjanda. Í mínu tilfalli var Cand Oecon gráða frá Háskóla Íslands ásamt stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands metin fullnægjandi til að standa undir kröfu um 150 eininga nám. Starfsreynsla mín við endurskoðun á Íslandi var einnig metin fullnægjandi til að uppfylla tveggja ára starfsreynslu-skilyrðin. Samræmdu prófin eru fjögur – 1) reikningshald og reikningsskil (Financial Accounting and Reporting (FAR)) 2) endurskoðun (Auditing and Attestation (AUD)), 3) skattar og viðskiptareglur (Regulations (REG)), 4) rekstur og starfsumhverfi (Business

Environment and Concepts (BEC)). FAR og AUD eru hvort um sig 4 tíma próf og REG og BEC 3 tíma. Til þess að undirbúa sig undir prófin er hægt að finna marga aðila sem bjóða upp á aðstoð, en ég keypti mér námskeið í gegnum Wiley⁴ í formi nettengdra fyrirlestra og námsbóka. Prófin eru byggð upp á valmöguleika spurningum sem vega um 60% af FAR, AUD og REG og 40% verkefni til úrlausnar, en í BEC er hlutfallið 85% á móti 15%. Hverju prófi er skipt upp í fjóra hluta og er ekki hægt að byrja á nýjum hluta nema þeim fyrri hafi verið lokað. Niðurstaðan úr prófunum er metin á bilinu 0 – 99 og prófmenn þarf að ná 75 úr hverju prófi til að standast og fá 18 mánuði til að ljúka öllum prófum. Fyrirkomulagið við próftökuna er þannig að það er möguleiki á að taka prófin fyrstu tvo mánuði í hverjum ársfjórðungi á prófstöðum sem reknir eru að óháðu fyrirtæki.⁵ Það er jafnvel hægt að taka prófin erlendis þó sum fylki samþykki það ekki eins og á við um Kaliforníu sem heldur sig við þá reglu að prófmenn sem samþykktir eru af endurskoðunarráði þess skuli vera í fylkinu þegar þeir taka prófin. Próftökustaðirnir útvega allan búnað sem þarf til að taka prófin og það má ekki hafa neitt á sér í próftökusalnum. Leitað er á prófmönnum áður en þeir fara inn í prófsalinn og tekin af þeim fingraför, hvort sem það er fyrir próf eða eftir hlé. Prófrögum og fyrirkomulagi er ágætlega lýst í fréttablaði tileinkað prófmönnum sem gefið er út af NASBA.⁶

Prófefnið

Efnið sem prófað er nokkuð víðfeðmt og mun ég hér á eftir fjalla um það í grófum dráttum fyrir hvert próf um sig. Prófað er í öllu efninu, þannig að það eru litlar líkur á að vera heppinn eða óheppinn með spurningar þó það geti hent í 40% hlutanum sem byggir á verkefnum.

FAR – Reikningshald og reikningsskil

Eins og gefur að skilja er megin áherslan á bandarískar reikningsskilareglur (GAAP) en auk þess þarf að kunna skil á því hvaða munur er á þeim og alþjóðlegu reglunum (IFRS). Einnig er gert ráð fyrir þekkingu á reikningsskilum opinberra aðila og

1. NASBA National Association of Stateboards of Accountancy www.nasba.org
2. <http://www.aicpa.org/BecomeACPA/CPAExam/Pages/CPAExam.aspx>
3. California Board of Accountancy <http://www.dca.ca.gov/cba/>
4. <http://www.efficientlearning.com/wileycpaexcel/>
5. <https://www.prometric.com>
6. https://media.nasba.org/files/2011/09/CandidateBulletin_October2015.pdf



reikningsskilum fyrir starfsemi sem ekki er rekin í hagnaðarskygni. Enn fremur þarf að kunna skil á því hvað mótar reglurnar og hverjir setja þær í Bandaríkjunum og á alþjóðavísu.

Fjögurra tíma próf með 3 x 30 valmöguleikaspurningum (60%) og 7 verkefnum (40%) þar af einu sem byggir á því að finna og fletta upp viðeigandi reglum.

AUD – Endurskoðun

Skipulagning, framkvæmd og niðurstaða endurskoðunar er að sjálfsgöðu stærsti áhersluþátturinn og regluverkið sem setur rammann um endurskoðunina. Það þarf að kunna skil á því sem lítur að endurskoðun utan sem innan Bandaríkjanna, þ.e. International Standards on Auditing (IAS) og AICPA staðlana (GAAS – Generally Accepted Auditing Standards), staðla fyrir endurskoðun opinberra aðila (GAGAS – Generally Accepted Government Auditing Standards), endurskoðunarstaðla fyrir fyrirtæki skráð á markaði (PCAOB – Public Company Accounting Oversight Board). Mismunandi áritanir vegna endurskoðunarverkefna, kannana og ýmis konar staðfestinga, hvort sem er fyrir fyrirtæki eða einstaklinga. Einnig er könnuð þekking á ábyrgð og skyldum endurskoðenda.

Fjögurra tíma próf með 3 x 30 valmöguleikaspurningum (60%) og 7 verkefnum (40%), þar af einu sem byggir á því að finna og fletta upp viðeigandi reglum.

REG – Skattar og viðskiptareglur

Efnið í þessum hluta er í meginatriðum tvíþætt, þ.e. viðskiptalög (business law) og alríkisskattar (federal taxation). Undir lagahlutanum er m.a. fjallað um viðskiptabréf, yfirfærslu eignaréttar, ábyrgðir, fasteignaviðskipti, gjaldprotalög, umboð, einkarétt, vinnulöggjöf, jafnréttismál, peningaþvætti, rekstrarform og ábyrgð og skyldur eigenda fyrirtækja. Skattahlutinn

tekur á skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja, skattlagningu miðað við mismunandi rekstrarform, skattlagning alþjóðlegra fyrirtækja, skilafresti, viðurlög, erfðafjár- og gjafaskatta, skattlagningu dánarbúa ofl. Einnig er farið inn á siðareglur sem og faglega og lagalega ábyrgð endurskoðenda.

Þriggja tíma próf með 3 x 24 valmöguleikaspurningum (60%) og 5 verkefnum (40%), þar af einu sem byggir á því að finna og fletta upp viðeigandi reglum.

BEC – Rekstur og starfsumhverfi

Þessi hluti spannar nokkuð vítt svið en sá þáttur sem mér virtist vera að fá aukið vægi lítur að stjórnábyrgð og skipulagi innra eftirlitis sem byggir á þeim ramma sem mótaður er af COSO (Committee of Sponsoring Organizations of the Treadway Commission).⁷ Auk þess er farið inn á rekstrar- og þjóðhagfræðilegar skilgreiningar, rekstrar- og kostnaðarbókhald, fjármálastjórn og árangursmælingar. Einnig er tekið á almennum skilningi á tölvu- og upplýsingakerfum, innra eftirliti og skipulagi þeim tengdum m.a. með yfirferð yfir COBIT (Control Objectives for Information and Related Technology).⁸

Þriggja tíma próf með 3 x 24 valmöguleikaspurningum (85%) og 3 verkefnum (15%) með skriflegum svörum.

Lokaspætturinn

Það sem vantar nú uppá hjá mér til að geta fengið löggildingarskírteini er að ljúka prófi í siðferði og siðareglum,⁹ en til þess hef ég eitt ár og þrjár tilraunir, og ná 90% árangri. En mesta áskorunin er að finna starf því ég þarf að geta sýnt fram á 500 tíma vinnu í Kaliforníu undir stjórn CPA, og geta lagt fram gögn til staðfestingar því að hafa unnið endurskoðunarvinnu. Því til viðbótar þarf að sýna fram á hreint sakavottorð ofl. sem ég sé ekki sem fyrirstöðu.



Alltaf góð mæting á stóru ráðstefnur félagsins.

7. <http://coso.org/>

8. <http://www.isaca.org/Knowledge-Center/COBIT/Pages/Overview.aspx>

9. <http://www.calcpa.org/ethics-exam>



Framhald vinnu við SASE

Jón Rafn Ragnarsson er endurskoðandi hjá Deloitte

Vinnu við SASE, samnorrænan staðal um endurskoðun fyrir litlar einingar var framhaldið á árinu 2015 en í árslok 2014 lágu fyrir fyrstu heildstæðu drög staðalsins og voru kynnt á framkvæmdastjórafundi NRF þann 20. janúar 2015. Ákveðið var í framhaldi þess fundar að boða til annars fundar í Kaupmannahöfn þann 10. mars og var sá fundur haldinn í höfuðstöðvum Deloitte. Til fundarins mættu 3-5 fulltrúar frá hverju landi og í kjölfar þess fundar var m.a. lagt í vinnu við gerð myndbands til að kynna staðalinn o.fl.

Ákveðið var að birta drög að staðalinum sumarið 2015. Staðallinn var birtur í heild sinni á vefsvæði FLE og samhliða á vefsvæðum annarra aðildarfélaganna NRF. Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum frá umsagnaraðilum sem bárust í október og nóvember. Alls bárust yfir 200 bréf frá endurskoðendum, endurskoðunarfyrtækjum, eftirlitsaðilum, alþjóðlegum samtökum endurskoðenda og endurskoðendasamtökum víðsvegar að úr heiminum.

Staðallinn sjálfur í núverandi mynd

Staðallinn er sjálfstæður endurskoðunarstaðal sem er byggður á meginreglum og er sérstaklega sniðinn að endurskoðun reikningsskila minni rekstrareininga. Endurskoðun í samræmi við SASE er ætlað að veita endurskoðandanum nægilega vissu (e. reasonable assurance) um það hvort reikningsskil smærri rekstrareininga séu án verulegra annmarka og endurskoðunargögn sem aflað er munu veita endurskoðandanum rökstuðning fyrir því álitu sem hann setur fram í áritun sinni. Staðallinn hefur mótast af almennt viðurkenndum meginreglum endurskoðunar og leggur grunn að áhættumiðaðri endurskoðun. Notkun hans gerir kröfur til faglegs mats og faglegrar gagnrýni endurskoðandans. Staðallinn setur fram kröfur um að endurskoðandinn meti hættu á verulegum rangfærslum í reikningsskilunum og að hann skipuleggi og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir sem bregðast við þeirri áhættu með viðunandi hætti. Við notkun staðalsins ber endurskoðandanum að hlíta viðeigandi ákvæðum síðareglna, sem meðal annars varða óhæði, og ákvæðum alþjóðlegs staðal um gæðastjórnun ISQC 1. (International Standard on Quality Control).

Staðallinn á við um endurskoðun smærri rekstrareininga sem eru undir þeim stærðarmörkum sem skilgreind eru í tilskipun Evrópuráðsins um reikningsskil.

Staðallinn skiptist í sex kafla:

1. Almennar meginreglur og ábyrgð
2. Samþykki viðskiptavinar og verkefni
3. Skipulagning
4. Áhættumat
5. Viðbrögð endurskoðandans við mati á áhættu
6. Áritun endurskoðanda

Í fyrsta kafla staðalsins eru settar fram grundvallarreglur endurskoðunarinnar og markmið. Fjallað er um verkstjórn og gæðaeftirlit, endurskoðunargögn, skráningu vinnupappíra og samskipti við stjórnendur og stjórn.

Í öðrum kafla er fjallað um samþykki viðskiptavinar og verkefni. Kröfurnar um samþykki verkefnis og viðskiptavinar eru mjög sambærilegar kröfum ISA staðlanna.

Í þriðja kafla er fjallað um skipulagningu endurskoðunarinnar og ákvörðun mikilvægismarka.

Fjórdi kafla staðalsins er einn sá mikilvægasti og fjallar um áhættumat endurskoðandans, aðferðir við áhættumatið, öflun þekkingar á einingunni, umhverfi hennar og greiningu og mat á hættunni á verulegri skekkju. Áhættumatið í fjórða kafla myndar grunninn að þeim gagnaskoðunaraðgerðum sem endurskoðandi hennar í fimmta kafla, en í þeim kafla eru sett fram íhugunaratriði, t.d. varðandi sviksemisáhættu, rekstrarhæfi, reikningshaldslegt mat og tengda aðila, án þess að sérstaklega séu tilgreindar kröfur um aðgerðir sem ávallt skal framkvæma án tillits til mats á áhættu. Slíkar kröfur er m.a. að finna í ISA 240.

Sjötti og síðasti kafla staðalsins fjallar um áritun endurskoðanda og er þar fjallað um aðgerðir vegna atburða eftir lok reikningsárs, greiningaraðgerðir í lokin, skriflegar staðfestingar og framsetningu áritunarinnar sjálfrar.

Umsagnir um staðalinn

Ýmis hagsmunasamtök endurskoðenda um allan heim sendu erindi og athugasemdir um staðalinn. IAASB sendi svarbréf og hvatti NRF til að leita annarra leiða til að mæta þörfum lítilla fyrirtækja í notkun ISA staðlanna fyrir litlar einingar og ítrekar að það sé afstaða IAASB að hægt sé að aðlaga ISA staðlanna að endurskoðun lítilla eininga (e. scalable), þar sem sú endurskoðun sé áhættumiðuð. Svári IAASB fylgi síðan nokkurra blaðsíðna greining á mismun ISA staðlanna við SASE staðalinn



og þeirra afstaða til mikilvægra aðgerða sem er að finna í ISA stöðlunum en ekki í SASE, t.d. varðandi birgðatalningar (ISA 501) og staðfestingarbréf stjórnenda (ISA 580).

Ein af samtökum endurskoðenda í Englandi og Wales ICEAW, sem hafa um 144.000 félagsmenn sendi langt erindi og jafnframt er fjallað um staðalinn í tímariti félagsins í nóvember 2015 og jafnframt á heimasíðu félagsins. <http://economia.icaew.com/business/november-2015/audit-standards-for-smes> Önnur endurskoðendasamtök í Skotlandi, Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Hollandi sendu jafnframt inn erindi og eru almennt jákvæð gagnvart staðlinum en leggja til ýmsar breytingar.

SASE - 2. útgáfa?

Ljóst er að ekki verður staðallinn samþykktur í núverandi mynd. Athugasemdir og ábendingar kalla á ýmsar lagfæringar sem bregðast þarf við. Á næstu misserum verður unnið að því að hafa samráð við ýmis samtök endurskoðenda, m.a. IAASB, ICAEW, um hvernig breytingar þurfi að gera á staðlinum svo hægt sé að beita honum við endurskoðun lítilla eininga.

Ennþá stendur jafnframt eftir að grundvallarspurningunni um hvort skuli hafa tvö sett af endurskoðunarstöðlum er ósvarað. Tilraun NRF sýnir að mínu mati að hægt er að einfalda staðla-verkið töluvert til að mæta þörfum í endurskoðun lítilla eininga. En svo er spurningin hvort það sé það sem endurskoðendur vilja.

Jón Rafn Ragnarsson



Frá haustráðstefnu.



Gaman á haustráðstefnu.



Hlustað af athgli.



Breytingar á lögum um ársreikninga

Unnar Friðrik Pálsson er endurskoðandi hjá KPMG

Á vormánuðum 2014 hófst í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vinna við gerð frumvarps um breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Tilurð þess er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2013/34/ESB um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð og kemur í stað tveggja eldri ársreikningatilskipana Evrópusambandsins. Tilskipunina þarf innleiða í íslensk lög á grundvelli EES samningsins. Auk þess kemur fram í stefnu ríkisstjórnarinnar að hún hyggist beita sér fyrir endurskoðun á regluverki atvinnulífsins, meðal annars með einföldun og aukna skilvirkni að leiðarljósi jafnframt því að draga úr skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi nú í janúar. Reyndar stóð til að gera það á nýliðnu haustþingi en það gekk ekki eftir. Hér á eftir verður stiklað á stóru um efni frumvarpsins. Rétt er að taka fram að frumvarpið kann að taka breytingum í meðförum Alþingis.

Markmið tilskipunar ESB

Í tilskipun ESB kemur fram að eitt megin markmiði hennar sé að draga úr stjórnsýslubyrði, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Tilskipuninni er ætlað að draga úr umsýslukostnaði lítilla og meðalstórra félaga og bæta viðskiptaumhverfi þeirra. Í afar stuttu máli má segja að orðin *einföldun* og *skilvirkni* fangi ágætlega kjarna tilskipunarinnar auk þess sem segir í inngangsmálgrein hennar að áriðandi sé að samræma lög aðildarríkjanna um framsetningu og efni árlegra reikningsskila.

Vinnuhópur

Vegna innleiðingar tilskipunarinnar skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnuhóp. Hann samanstóð af starfsmönnum ráðuneytisins og fulltrúum FLE, ársreikningaskrár og fjármálaeftirlitsins. Síðar bættist fulltrúi félags bókhaldsstofa í hópinn. Alls urðu fundir vinnuhópsins tæplega 50. Auk undirritaðs voru fulltrúar FLE þeir Jón Arnar Baldurs og Herbert Baldursson.

Óhætt er að segja að fundir vinnuhópsins hafi verið bæði gagnlegir og skemmtilegir, enda ekki við öðru að búast þegar saman koma allt að tíu einstaklingar úr ýmsum áttum með áhuga reikningsskilum og ársreikningum. Eins og gefur að skilja var skipst á skoðunum og ólík sjónarmið komu fram.

Vinna starfshópsins fólst í fyrstu einkum í því að kryfja til mergjar fyrrgreinda tilskipun Evrópusambandsins. Sú vinna var

tímafrek enda tilskipunin enginn léttlestur. Í framhaldinu var svo tekið til við textasmíði, þ.e. tillögur starfshópsins um þær breytingar á núgildandi lögum sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða tilskipunar ESB, auk annarra breytinga á lögum sem hópurinn taldi að yrðu til bóta. Þannig má ýmislegt færa til betri vegar í lögum, svo lengi sem breytingarnar fara ekki í bága við ákvæði tilskipunarinnar. Þá er í tilskipuninni að finna ýmis valkvæð ákvæði sem taka þurfti afstöðu til.

Kynning á frumvarpinu og ábendingar frá haghöfum

Á reikningsskiladegi FLE í september 2014 hélt reikningsskilanefnd félagsins kynningu þar sem fjallað var um vinnu starfshópsins og nokkur veigamikil atriði tilskipunarinnar. Vinnan var þá skammt á veg komin. Ári síðar hélt Harpa Theodórsdóttir, sérfræðingur í ráðuneytinu og stjórnandi hópsins, fróðlegt og gott erindi um frumvarpsdrögin á reikningsskiladegi félagsins. Þá höfðu nýlega verið birt á heimasíðu ráðuneytisins drög að frumvarpi auk þess sem haldinn var opinn haghafafundur um miðjan september. Fundurinn var vel sóttur. Haghöfum var þar gefið færi á að leggja fram spurningar, auk þess sem óskað var enn í vinnslu. Bárust 11 umsagnir. Hrósuðu þeir sumir ráðuneytinu sérstaklega fyrir það frumkvæði að halda opinn fund á þessu stigi málsins og gefa færi á að koma með ábendingar við frumvarpsdrögin. Farið var yfir þær ábendingar sem bárust ráðuneytinu og gerðar nokkrar breytingar á frumvarpsdrögum. Má þar helst nefna að fellt var út úr frumvarpinu ákvæði um bann við arðgreiðslum vegna matsbreytinga fjárfestingarfasteigna sem færðar eru í rekstrarreikning.

Stiklað á stóru

Í stuttri grein gefst ekki færi á að fjalla ítarlega um allar þær breytingar, smáar og stórar, sem verða gerðar á ársreikningalögum samkvæmt frumvarpinu. Eftirfarandi eru hins vegar nokkur atriði sem vert er að benda á.

Ný stærðarflokkun félaga

Í tilskipuninni eru félög flokkuð eftir stærð í lítil félög, meðalstór félög og stór félög. Það sem ákvarðar stærð félaga er stærð efnahagsreiknings, hrein velta og meðalfjöldi ársverka á reikningsári. Stærðarmörkin er að finna í 3. gr. tilskipunarinnar. Fjárhæðir í tilskipuninni eru tilgreindar í evrum og er þeim löndum sem hafa annan lögeyri einungis heimilt að hnika viðmiðunarmörkunum um 5% að hámarki til að fá út viðmiðunarfjárhæðir (sléttar og fallegar). Flokkunin miðast við að félag fari ekki yfir (eða fari yfir) tvö af þremur viðmiðum.



Þannig telst félag lítið ef það fer ekki yfir tvö eftirfarandi viðmiða:

- Niðurstöðutala efnahagsreiknings: 600 millj. kr.
- Hrein velta: 1.200 millj. kr.
- Meðalfjöldi ársverka á reikningsári: 50.

Í tilskipuninni eru einnig viðmiðunarmörk fyrir litlar samstæður, meðalstórar samstæður og stórar samstæður. Þá er í henni að finna skilgreiningar á stærðarmörkum minnstu félaganna, svokallaðra örfélaga. Valkvætt er að skilgreina örfélög. Áætlað er að um 75% féлага í Evrópu muni falla undir mörk örfélaga samkvæmt stærðarviðmiðum tilskipunarinnar. Í sumum löndum er hlutfallið þó um 90%. Eins og síðar greinir skiptir flokkun féлага máli. Sum lönd hafa ákveðið að skilgreina örfélög en miða við lægri mörk en greinir í tilskipuninni og er það gert í frumvarpinu. Í því er lagt til að viðmiðunarmörkin verði 20 millj. kr. efnahagsreikningur, 40 millj. kr. hrein velta og þrjú ársverk. Samkvæmt því munu um 80% íslenskra fyrirtækja teljast örfyrirtæki.

Flokkunin skiptir máli

Samkvæmt tilskipuninni skal ársreikningur að lágmarki innihalda efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar. Ríkjum er ekki heimilt að gera kröfur um að félög sem flokkast sem lítil félög geri önnur fjárhagsyfirlit. Samkvæmt núgildandi lögum skulu ársreikningar allra féлага hafa að geyma sjóðstreymi. Því er ljóst að sú skylda fellur niður hjá langflestum fyrirtækjum. Til samræmis við þetta er lagt til að orðalagi 3. gr. laganna verði breytt á þann veg að ársreikningur skuli að lágmarki innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar en ársreikningar lítilla, meðalstórra og stórra féлага skuli einnig innihalda skýrslu stjórnar og ársreikningar meðalstórra og stórra féлага sjóðstreymisyfirlit.

Frekari einföldun fyrir örfyrirtæki – „Hnappurinn“

Ein veigamesta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu snýr að einföldunum fyrir minnstu félögin, örfélögin, en eins og áður greinir eru þau um 80% féлага. Örfélögum verður heimilt að skila einfaldri útgáfu ársreiknings til ársreikningaskrár. Ársreikningurinn verður byggður á skattframtali félagsins. Með öðrum orðum verður við rafræn skil á skattframtali hægt að gefa samþykki fyrir því að tiltekna fjárhæðir úr framtali verði sendar ársreikningaskrá og telst það fullgildur ársreikningur. Slíkan ársreikning þarf hvorki að endurskoða né yfirfara af skoðunarmanni og þarf hann ekki að innihalda skýrslu stjórnar. Þessi einföldun mun þó ekki eiga við um félög sem teljast einingar tengdum almannahagsmunum né heldur félög sem samkvæmt frumvarpinu yrðu skilgreind sem fjárfestingarfélög eða eignarhaldsfélög fjárfestingarféлага. Sama á við um örfélög sem nýta sér undanþáguheimild sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu um færslu tiltekinna eigna á gangvirði.

Samhliða þessum breytingum yrði samkvæmt frumvarpinu felld niður heimild féлага, sem eru undir tilteknum viðmiðunarmörkum, til að skila samandregnum ársreikningi. Jafnframt er

lagt til að 116. gr. laganna falli brott en samkvæmt henni geta félög sem eru undir ákveðnum stærðarmörkum sent ársreikningaskrá samandreginn rekstrarreikning þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því.

Viðskiptavild skal afskrifuð

Í 41. gr. ársreikningalaga kemur fram að hafi viðskiptavild orðið til vegna fjárfestingar í dóttur- eða hlutdeildarfélagi skuli hún afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma, þó ekki lengri tíma en 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma. Hugtakið *settar reikningsskilareglur* er skilgreint í lögum sem reglur reikningsskilaráðs og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er viðskiptavild ekki afskrifuð heldur framkvæmt árlegt virðispróf. Í 12. grein tilskipunarinnar kemur fram að sé ekki hægt að ákvarða nýtingartíma þróunarkostnaðar og viðskiptavildar skuli afskrifa þessa eignaflokka á því tímabili sem aðildarríki ákveða. Það tímabil má þó ekki vera styttra en 5 ár og ekki lengra en 10 ár. Ekki verður því lengur unnt að meta viðskiptavild, sem ekki hefur skilgreindan nýtingartíma, í samræmi við settar reikningsskilareglur. Samkvæmt frumvarpinu skal ávallt afskrifa viðskiptavild á tíu árum. Sama gildir um þróunarkostnað ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

Eignfærsla þróunarkostnaðar og takmörkun á arðgreiðslum

Samkvæmt 16. gr. ársreikningalaga skulu félög sem eru yfir tilteknum mörkum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna, færa til eignar þróunarkostnað og óefnisleg réttindi, svo sem einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og þess háttar réttindi, hafi þeirra verið aflað gegn greiðslu. Töluverð breyting verður hér samkvæmt frumvarpinu því nú verður öllum félögum *heimilt*, en ekki *skylt*, að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna, að færa til eignar óefnislegar eignir. Ef um eignfærðan þróunarkostnað er að ræða skal færa sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á sérstakan lið meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta sem arði. Þann lið skal leysa upp til jafns við fjárhæð árlegrar afskriftar eignfærðs þróunarkostnaðar, sem og ef eignin er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð. Ákvæði frumvarpsins um millifærslu af óráðstöfuðu eigin fé yfir á bundinn eiginfjárreikning er í samræmi við kröfu þar um í 11. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar.

Auknar heimildir til að meta fjármálagerninga á gangvirði

Samkvæmt 36. gr. ársreikningalaga er heimilt að meta til gangvirðis fjármálagerninga ef þeirra hefur verið aflað til að hagnast á *skammtímaverðbreytingum* (veltufjáreignir) og eru gangvirðisbreytingar þá færðar í rekstrarreikning og þaðan á óráðstafað eigið fé. Samkvæmt frumvarpinu verður þessi heimild óbreytt. Í núgildandi lögum er hins vegar ekki að finna heimild til að *tilgreina fjáreignir*, sem ekki uppfylla það skilyrði að hafa verið keyptar til að hagnast á skammtímaverðbreytingum, á gangvirði gegnum rekstur við upphaflega færslu í bókhald. Samkvæmt frumvarpinu verður það heimilt. Hins vegar skal færa gangvirðisbreytingar þeirra á gangvirðisreikning meðal



eigin fjár en ekki á óráðstafað eigið fé. Áfram verður heimilt að færa fjármálagerninga sem hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja aftur (sem nú munu nefnast *fjáreignir til sölu*) á gangvirði í efnahagsreikningi. Gangvirðisbreytingar slíkra fjáreigna færast á gangvirðisreikning meðal eigin fjár hér eftir sem hingað til.

Hlutdeild í afkomu

Samkvæmt frumvarpinu verður gerð sú breyting á lögnum að nemi hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélaga sem færð er í rekstrarreikning hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, skuli mismunurinn færður á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Skil á ársreikningum, sektir og slit félaga

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heildarendurskoðun á XII. kafla laganna um viðurlög og málsmeðferð. Þar er meðal annars að finna breytingar á viðurlögum við því að vanrækja skyldu til að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar (senda ársreikning til ársreikningaskrár). Samkvæmt frumvarpinu skal ársreikningaskrá leggja stjórnvaldssektir á félög sem ekki skila innan lögbundins frests. Sektin skal nema 600.000 kr. Skili félag ársreikningi eða samstæðureikningi innan 30 daga frá tilkynningu um álagningu stjórnvaldssektar skal lækka sektarfjárhæðina um 90%. Ef úrbætur eru gerðar innan tveggja mánaða skal lækka sektarfjárhæðina um 60% og um 40% ef úrbætur eru gerðar innan þriggja mánaða. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um sektir ef ársreikningaskrá telur að ársreikningur eða samstæðureikningur uppfylli ekki ákvæði laganna. Ársreikningaskrá skal þá tilkynna félagi um afstöðu sína, gefa því kost á úrbótum og mögulega að koma að andmælum. Ef ekki berast fullnægjandi skýringar eða úrbætur innan 30 daga skal lögð á félagið stjórnvaldssekt að fjárhæð 600.000 kr. Sektarfjárhæðina skal lækka geri félagið úrbætur. Hversu mikil lækkunin verður fer eftir því hvenær úrbætur hafa verið gerðar og er miðað við sömu tímamörk og lækkun og að framan greinir um hvenær úrbætur hafa verið gerðar. Ekki verður unnt að skjóta ákvörðun ársreikningaskrár um álagningu sektar til æðra stjórnvalds.

Hafi ársreikningi eða samstæðureikningi ekki verið skilað innan átta mánaða frá því að frestur rann út eða ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi hafi ekki verið fullnægjandi skal hún krefjast skipta á búi félagsins.

Endurskoðun og skoðunarmenn

Eins og fram hefur komið munu um 80% félaga geta nýtt sér einföldun sem gert er ráð fyrir vegna örfyrirtækja þar sem einfaldur ársreikningur verður sjálfkrafa til við skil á skattframtali. Slíkur ársreikningur þarfnast hvorki endurskoðunar né yfirferðar skoðunarmanns. Samkvæmt frumvarpinu verður gerð krafa um yfirferð skoðunarmanns á ársreikningum lítilla félaga, sem eru yfir viðmiðunarmörkum fyrir örfélög eða örfélög en kjósa að nýta sér ekki þá leið að láta skattyfirvöld útbúa ársreikning á grundvelli skattframtals. Er hér átt við félög sem eru undir viðmiðunarmörkum um endurskoðunarskyldu. Þau viðmiðunarmörk, sbr. 98. gr. núgildandi laga, eru óbreytt. Áætlað er að um 4.000 félög muni falla undir kröfu um yfirferð skoðunarmanns.

Reikningsskilaráð og reglugerðir

Nauðsynlegt verður að setja ýmsar reglugerðir vegna breytinga á lögnum auk þess að fella úr gildi reglugerðum 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hér má nefna reglugerð um skilyrði sem skoðunarmönnum ber að uppfylla hvað varðar hæfi og óhæði og hvað fólgði skuli í vinnu þeirra og að ráðherra setji reglugerð um framsetningu rekstrar- og efnahagsyfirlita vegna „hnappsins“.

Undirritaður telur nauðsynlegt að reikningsskilaráð verði endurvakið og umboð þess vel skilgreint. Ábendingar sem bárust á haghafafundi sýna að ýmis álitamál geta komið upp, jafnvel þó reynt sé af fremsta megni að hafa lagaákvæði skýr og greinargóð. Því má búast við að álitamál vakni um tiltekin mál og þá væri æskilegt að reikningsskilaráð gæti tekið á þeim.

Að lokum

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum öðrum breytingum en að framan greinir. Má þar nefna að margar nýjar skilgreiningar, svo sem á hugtakinu *glögg mynd*. Þá er gert ráð fyrir að afleiður skuli færa á gangvirði en það er ekki skylda samkvæmt núgildandi lögum þó það sé heimilt.

Frumvarpið hefur nú verið lagt fram og mun fara í formlegt umsagnarferli. Haghöfum gefst þá kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum. Samkvæmt frumvarpinu munu ákvæði laganna öðlast gildi og koma til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2016 eða síðar. Þó munu tiltekin ákvæði koma til framkvæmda strax samanber 73. gr. frumvarpsins.

Unnar Friðrik Pálsson

DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	ÁÆTLAÐAR EININGAR
6. jan.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Karolina Fund	
21. jan.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Upphafsstöður og Tölvuendurskoðun	3
22. jan.	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skattamál	4
3. feb.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
18. feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
2. mars	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
17. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
6. apríl	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
14. apríl	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Reikningsskil	3
15. apríl	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
4. maí	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
19. maí	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
2. sept.	Gleðistund	Grand hótél	Kynning	Óákveðið	
8. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
15. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
16. sept.	Reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
5. okt.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
27. okt.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
28. okt.	Haustráðstefna	Grand hótél	Ráðstefna - vinnustofur	Fjölbreytt	5
28. okt.	Aðalfundur	Grand hótél	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
17. nóv.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
6. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3
7. des.	Hádegisfundur - jól	Grand hótél	Fyrirlestur	Hugvekja	

FLE stefnir að því að bjóða upp á 50 endurmenntunareiningar árið 2016.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á www.fle.is